

Básafell er stærsta fyrirtæki Vest

Líkt og undanfarin ár hefur tímaritið Frjáls verslun tekið saman lista yfir 100 stærstu fyrirtæki landsins, miðað við veltu. Á listanum fyrir árið 1996, eru aðeins fjögur vestfirsk fyrirtæki, sem er þónokkur fækkun frá árinu á undan. Samkvæmt listanum er Básafell hf., á Ísafirði, stærsta fyrirtæki Vestfjarða, með ársveltu upp á rúma tvo milljarða króna. Básafell er samkvæmt útreikningum tímaritsins, það fyrirtæki á Íslandi sem tapaði mest á síðasta ári, en heildartap þess nam um 230 milljónum króna. Markaðsvirði fyrirtækisins, sem er í 71. sæti listans, var um síðustu áramót tæpir 1,8 milljarðar króna.

Bakki hf., í Bolungarvík, sem er í 112. sæti listans, er annað stærsta fyrirtækið á Vestfjörðum með 1.124 milljóna króna veltu, því næst kemur Orkubú Vestfjarða, sem er í 162. sæti listans með veltu upp á 781 milljón og Hólma-drangur hf., á Hólmavík er í 173. sæti listans með veltu upp á 738 milljónir króna. Á lista yfir þau fyrirtæki sem greiða hæstu launin, skipa útgerðarfyrirtæki tíu efstu sætin. Ekkert þeirra er frá Vestfjörðum. Gunnvör hf., sem skipaði toppsæti þessa lista árið 1995, sendi ekki inn upplýsingar fyrir síðasta starfsár og sömu sögu er að segja af Hrönn hf., sem sameinaðist Samherja hf., á Akureyri undir lok síðasta árs.



Básafell hf., á Ísafirði er stærsta fyrirtækið á Vestfjörðum samkvæmt útreikningum Frjálsrar verslunar.

Samkvæmt útreikningum Frjálsrar verslunar, greiðir Sparisjóður Önundarfjarðar hæstu launin á Vestfjörðum, en meðal árslaun þar nema um 2.650 þús. króna. Orkubú Vestfjarða er með meðal árslaun upp á 2.604 þús. kr., Íshúsfélag Ísfirðinga hf., er með meðal árslaun upp á 2.534 þús., og Básafell hf., er með meðal árslaun upp á 2.447 þús. kr.

Ekkert vestfirskt fyrirtæki er á lista yfir þau fyrirtæki sem sýndu hvað mestan hagnað fyrir skatta, en tvö eru á lista yfir fyrirtæki sem sýndu hvað mestan hagnað sem hlutfall af veltu. Það eru Sparisjóður Önundarfjarðar, þar sem hagnaðurinn var 26,6% af veltu og Sparisjóður



Ísafjörður Portrait Jónasar

Íslensk tónverkamiðstöð hefur gefið út nýjan geisladisk með verkum eftir Jónas Tómasson, tónskáld á Ísafirði.

Á geisladisknum eru fimm verk frá árunum 1973-1989. Yngsta verkið á disknum heitir „Í tóneyjahafi“ og er það samið fyrir bassaflautu, klarinettu, bassaklarinetu og horn. Önnur verk á disknum eru „Vetrartré“ frá árinu 1983, „Notturmo III“ frá árinu 1980, „Orgia“ frá 1975 og „Sonata VIII“ frá árinu 1973.

Meðal flytjenda á disknum má nefna Kolbein Bjarnason, Guðna Franzson, Kjartan Óskarsson, Emil Friðfinnsson, Guðnýju Guðmundsdóttur og Önnu Áslaugu Ragnarsdóttur.

Jónas Tómasson fæddist á Ísafirði árið 1946. Hann lagði stund á tónsmíðar hjá fjölda kennara og starfar nú við kennslu og tónsmíðar á Ísafirði.

Geisladiskurinn er gefinn út í samvinnu við Ríkisútvarpið, en Ísafjarðarbær styrkti útgáfuna.

Rauðsíða ehf., á Þingeyri

Nýtt dótturfyrirtæki keypti Hraðfrystihús Tálknafjarðar

Nýtt dótturfyrirtæki Rauðsíðu ehf., á Þingeyri, Rauðhamar ehf., festi í síðustu viku kaup á Hraðfrystihúsi Tálknafjarðar af Péttri Þorsteinsyni á Tálknafirði. Kaupverð hefur ekki fengist uppgefið, en

samkvæmt upplýsingum blaðsins var kaupverðið um 60 milljónir króna.

Fyrir á árinu keypti Rauðsíða ehf., sem er í eigu þeirra Ingibjargar Vagnsdóttur, Ketils Helgasonar, Eyþórs Har-

aldssonar, framkvæmdastjóra Norfisks hf., í Reykjavík og Guðmundar Franklín Jónssonar, verðbréfasala í New York, eignir Fáfnis hf., á Þingeyri, sem Byggðastofnun, Fiskveiðisjóður og Lands-

banki Íslands leystu til sín í byrjun sumars. Þá keypti Rauðfeldur ehf., sem einnig er dótturfyrirtæki Rauðsíðu, frystihús og tækjabúnað Trostans hf., á Bíldudal undir lok síðasta mánaðar.

Fyrrum eigandi Hraðfrystihúss Tálknafjarðar, mun halda áfram verkun saltfisks í öðrum húsakynnum á Tálknafirði og mun allt starfsfólk Hraðfrystihússins fylgja honum þangað.



Norðurljós ÍS-3.

Ísafjörður

Gassprenging í handfærabáti

Sprenging varð um borð í handfærabátinum Norðurljós ÍS-3 um klukkan 9 á fimmtudagsmorgun í síðustu viku, er hann var staddur út af Hnífsdal á leiðinni á miðin. Tveir

menn voru um borð í bátinum sem er af gerðinni Sómi 800, bræðurnir Jónas og Gunnlaugur Finnbogasonir, og varð þeim ekki meint af. Talið er að leiðsla frá

gasmiðstöð hafi gefið sig, en bræðurnir voru að hita sér kaffi á eldavél er sprengingin varð. Eldur gaus upp í lúkarinum og þó nokkur reykur, en bræðrunum tókst að slökkva eldinn á

stuttum tíma með handslökkvitæki. Eftir að slökkvistarfi lauk sigldu bræðurnir til hafnar á Ísafirði. Nokkrar skemmdir urðu í lúkarbátsins.



Jónas Finnbogason var í lúkarnum þegar sprengingin kvað við en úlpa hans sviðnaði lítillega er hann slökkvaði eldinn.

fjarða

Bolungarvíkur, en þar var hagnaðurinn 26,3% af veltu. Tvö vestfirsk fyrirtæki eru á lista yfir þau fyrirtæki sem eiga mest eigið fé í krónum talið, Orkubú Vestfjarða, sem er með eigið fé upp á tæpa 3,8 milljarða og Básafell hf., sem er með eigið fé upp á tæpan 1,1 milljarð. Eiginfjárlutfall Orkubús Vestfjarða er 94 og veltufjárlutfallið er 5. Tvö vestfirsk fyrirtæki eru á lista yfir þau fyrirtæki sem sýndu hlutfallslega mesta aukningu á veltu milli ára 1995 og 1996, Sparisjóður Bolungarvíkur, sem var með veltuaukningu upp á 19% og Vöruval hf., á Ísafirði, sem var með veltuaukningu upp á 14%.

Ísafjarðarbær er sjötta stærsta bæjarfélagið á landinu



Orkubú Vestfjarða er hins vegar það fyrirtæki á Vestfjörðum sem á hvað mest eigið fé.

miðað við skatttekjur, en heildarskatttekjur þess námu 1.184 þús. kr. á árinu 1996. Bolungarvík er í 26. sæti listans með skatttekjur upp á 152 milljónir króna. Orkubú Vestfjarða er sjötta stærsta

orkuveita landsins og Lífeyrissjóður Vestfirðinga er áttundi stærsti lífeyrissjóður landsins með inngreiðslur upp á tæpa 2,2 milljarða króna.



Nýstofnað dótturfyrirtæki Ketils Helgasonar og féлага í Rauðsíðu á Þingeyri, Rauðhamar, hefur fest kaup á húsnæði og frystiklefa Hraðfrystihúss Tálknafjarðar.



Gunnlaugur Finnbogason í lúkarnum á Norðurljósi við komuna til Ísafjarðar.

Ísafjörður

Mikil sala í samnetstengingum

Mikil sala hefur verið í samnetstengingum hjá tölvufyrirtækinu Snerpu ehf., á Ísafirði að undanförunu, svo mikil að þörf er á auknum búnaði hjá Pósti og síma til að anna eftirspurninni í bænum.

Að sögn Björns Davíðssonar hjá Snerpu, hefur orðið nánast sprenging í sölu á samnetstengingum, en nú erum um 100 slíkar tengingar í gangi á Vestfjörðum.

Hann sagði að mun styttri afgreiðslufrestur væri á tengingum hér vestra en í Reykjavík, þar sem bíða þarf í allt að þrjár vikur eftir tengingu.

Kristinn H. Gunnarsson skrifar

Ósvör - sagan öll

Fyrir rúmum fjórum árum hafði bæjarstjórn Bolungarvíkur forgöngu um að stofna hlutafélagið Ósvör og var stærsti eigandi þess. Fyrir skömmu lauk sögu félagsins þegar það var innlimað í Þorbjörn hf. í Grindavík. Þessi tími var viðburðarríkur og miklar sviptingar urðu svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Fyllsta ástæða er til þess að rekja sögu félagsins ítarlega og vonandi verður það gert áður en um langt líður. Hins vegar eru þegar farnar að birtast á prenti söguskýringar frá einstökum sögupersónum, sem eru æði einkennilegar og á köflum jafnlangt frá veruleikanum og kynjasögur Munchhausen. Er því nauðsynlegt að draga fram nokkur meginatriði málsins og vil ég leitast við bæta úr í þeim efnum.

Markmiðið að halda veiðiheimildunum

Bæjarstjórnin hafði afskipti af atvinnumálunum í þeim tilgangi að tryggja yfirráð heimamanna yfir veiðiheimildunum, það var markmiðið. Þess vegna voru skipin keypt með veiðiheimildum. Verðið var hátt fyrir fámennt og illa stöndugt bæjarfélag og rifja má það upp að samkeppni frá Hafnarfirði og Grindavík þrýsti verðinu upp.

Frystihúsið var ekki keypt af þeirri ástæðu að verðið á því var of hátt. Ekki var unnt að reka hefðbundna landvinnslu án taps í svo stóru og dýru húsnæði. Fyrirtækið varð að reka á eins hagkvæman hátt og unnt var, ef það átti að takast að standa við kaupin. Lögð var áhersla á að fá hámarkstekjur fyrir aflann og bolfiskvinnsla var rekin í litlu húsnæði og aðeins hluti aflans fór þar til vinnslu. Keypt var gamalt hús á lágu verði undir höfuðstöðvar fyrirtækisins og yfirbygging var í algeru lágmarki.

Bærileg staða eftir tvö ár

Að sönnu voru engin flottheit í rekstrinum, enda hafa fátækir menn ekki efni á því, en reksturinn gekk allbærilega, landvinnslan stóð undir sér og útgerðin gekk bærilega. Til þess að auka tekjurnar voru áform um að setja frystitæki í Dagrúnu, annan togará fyrirtækisins. Eftir tveggja ára rekstur var staðan þannig samkvæmt uppgjöri 1. júní 1995: Skuldir fyrirtækisins



Kristinn H. Gunnarsson.

voru 787 milljónir kr. og hlutfé 80 milljónir kr. Samkvæmt níu mánaða uppgjöri fyrir tímabilið 1.9.94 - 1.6.95 var tap af rekstri 17 milljónir kr.

Tekjurnar stóðu undir öllum rekstri og afskriftum og var hagnaður 8 mkr. fyrir fjármagnskostnað. Hafa ber í huga að þegar hér var komið sögu hafði engin aðstoð fengið frá stjórnvöldum. Skipin og veiðiheimildarnar voru keyptar á markaðsverði og engin sérstök lánaþyrnging hafði komið til.

Reyndar var Landsbankinn erfiður og lagði frekar stein í götu fyrirtækisins en hitt. Þetta hafði mönnum tekist bjargarlaust þrátt fyrir niðurskurð á aflaheimildum, sem á þessum tíma reyndust mörgum fyrirtækjum erfið í skauti. Að mínu mati var engin ástæða til þess að leggja árár í bát, en hins vegar augljóst að sýna þurfti útsjónarsemi og þrautseigju.

Kúvending

Þegar hér var komið sögu verður kúvending. Sjónarmið þeirra manna sem vildu leggja áherslu á landvinnslu náðu yfirhöndinni. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins í bænum sneri við blaðinu, tryggði sér stuðning Kolkraðbans og seldi hlut bæjarins. Framkvæmdastjóri Ósvarar var rekinn fyrirvaraust og aðrir lykilmenn voru ýmist látnir fara síðar eða flæmdir burt.

Þessi kaflí í sögu fyrirtækisins er ljótur og mönnum lítt til sóma, en ekki þótti forystumönnum Sjálfstæðisflokksins nóg að gert heldur beittu sér fyrir málarekstri á hendur tilteknum einstaklingum. Með aðgerðum sínum opnuðu þeir sár sem seint gróa og verða líklega aldrei bætt. En ekki meira um þau mál að sinni.

Nú var frystihúsið keypt, ráðist í gifurlegar endurbætur á því og stjórnvöld tóku heldur betur við sér og veittu myndarlega Vestfjarðaaðstoð ásamt því að tryggja endurskipulagningu á skuldum þannig að lítið sem ekkert þyrfti að greiða af þeim næstu tvö ár. Það er ekki ofsagt að ausið

Skynsemin vék fyrir óskhyggju og flotræfils-hátturinn tók völdin

hafi verið peningum og nýju eigendurnir skáru ekki við nögl eyðsluna og óhófið, enda í fararbroddi jeppakynslóðarinnar, hinnar nýju stéttar atvinnurekenda á Vestfjörðum.

Eftir tvö ár var hins vegar öllu lokið. Skuldir fyrirtækisins voru orðnar 2400 mkr 30.4. 1997 og gifurlegur taprekstur hafði verið allan tímann. Átta mánaða uppgjör sýndi 200 mkr. tap og það stefndi í 300 mkr. miðað við heilt ár. Uppbyggingin miðaðist einngöngu við frystihúsið, þannig var engin uppbygging á útgerðarsviðinu. Þegar milliuppgjörið lá fyrir var öllum ljóst að fyrirtækið stefndi lóðbeint í gjaldþrot og gripið var til neyðarúrreðis. Aðaleigandinn keyptur frá völdum og fyrirtækið yfirtekið af Þorbirninum í Grindavík. Hlutur Bolvíkinga er hverfandi og ráð þeirra engin.

Niðurstaðan er þessi: Aðgerðin mistókst hrápallega, á tveimur árum misstu Bolvíkingar forræði allra veiðiheimildanna úr höndum sínum. Þetta gerist þrátt fyrir að hlutfé hafi verið aukið um 450 mkr. og verðmæti aflaheimildanna hafi á tímabilinu aukist um 1 milljarð króna. Svona afleit frammistaða verður að teljast einsdæmi.

Hefði verið haldið í horfinu eins og var fyrir tveimur árum og reksturinn orðið samkvæmt áformum sem þá voru uppi má ætla að bæjarstjórn hefði getað selt hlutfé sitt nú fyrir a.m.k. 400 mkr. Þetta hlutfé var selt fyrir 35 mkr. Mönnum blandast ekki hugur um að landvinnslan á í gifurlegum erfiðleikum, um það vitna afkomutölur frá Vestmannaeyjum og Akureyri svo dæmi séu tekið.

Framundan er verulegur samdráttur á því sviði, hins vegar eru þetta engin ný tíðindi. Þetta lá ljóst fyrir fyrir tveimur árum og var algerlega fyrirsjáanlegt. Ráðamönnum í Bolungavík brast hins vegar þolinmæðina og önuðu út í fenið. Skynsemin vék fyrir óskhyggju og flotræfils-hátturinn tók völdin. Spurningin sem við blasir nú er hve lengi verður frystihúsið opið og hvar eru ísfisktogarnir nú?


Kristinn H. Gunnarsson.

Breiðfylking félagshyggjufólks til höfuðs Sjálfstæðisflokknum í Ísafjarðarbæ

Ért þú draumadísín mín?

Þú ert...
Hlý í fasi, með góða kimmigáfu.
Rómantísk, jákvæð og brosmild.
Á þínu 27-39 ára.

Miglangar til að kynna þér



Ég er...
Rómantískur, háttvís, glæðlyndur.
Stjórnarformaður og eigandi að
stóru stígafufyrirtæki.
Þúsettur í Santa Barbara, California
en með annað heimili á Hawaii.

Götumynd frá Santa Barbara

Ég hef hljóðritað kvæðu til þín
og frekari upplýsingar um
sjálfan mig. Líka langar mig
til að senda þér bréf - ef þú
hringir í annað hroft síma-
númerið og leggur inn safn þitt
og heimilisfang munu starfs-
mærn RTS senda þér
bréf mitt um hæl.

Ég vonast til að heyra frá þér.

Kveðja, Peter

Yfirlitamynd, Santa Barbara

Þú hringir þetta númer
570-7769 eða **Rauða Torgið - Stefnumót**
905-5000
kr. 66,50 mín

Kosið verður til sveitarstjórna eftir u.þ.b. sex mánuði og munu fulltrúar stjórnmálaflokka og hreyfinga á Vestfjörðum vera farnir að huga að framboðsmálum nú þegar þó leynt fari. Í Ísafjarðarbæ hefur Félag jafnaðarmanna blásið í herlúðra og boðið félagshyggjufólki til viðræðna um myndun breiðfylkingar sem sett verður til höfuðs Sjálfstæðisflokknum í komandi kosningum. Félagið var stofnað á vordögum eftir að Alþýðuflokkssfélag Ísafjarðar var lagt niður.

Jafnaðarmannafélagið bauð Alþýðubandalagsmönnum til viðræðna um samstarf með formlegu bréfi fyrir í haust og fékk til baka bréf frá F-lista,

lista Óháðra, Kvinnalista og Alþýðubandalags, sem lýstu sig reiðubúna til að skoða möguleika á samstarfi.

Að sögn Jónu Símóníu Bjarnadóttur, formanns Félags jafnaðarmanna, hefur verið skipaður viðræðuhópur með fulltrúum þessara aðila og var fyrsti fundur hópsins haldinn í síðustu viku.

Framsókn og Funklista boðið til viðræðna

„Þetta var óformlegur fundur en niðurstaðan þar var sú, að kannaðir yrðu möguleikar á myndun breiðfylkingar félagshyggjufólks í Ísafjarðarbæ. Það er fyrst og fremst Framsóknarflokkurinn sem

við viljum þreifa á og við höfum sent formlegt bréf þar sem flokksmönnum er boðið til viðræðna um samstarf. Þrátt fyrir að óljóst sé hvort Funklistinn bjóði fram, þá höfum við einnig sent bæjarfulltrúum hans sambærilegt boð. Við ætlum að bíða eftir svari frá þessum aðilum og það gerist væntanlega ekkert í málunum fyrr. Ég held að sanngjarnt sé að gefa fólki eina til tvær vikur til að meta og vega boðið.“

Aðspurð segir Jóna Símónía að gott hljóð hafi verið í fólki á fyrsta fundi viðræðuhópsins.

„Fólk er mjög jákvætt. Það sér að vinna að sameiningarmálum fer fram um allt land og áttar sig á að nú er lag.“



Sigurður Jónsson kaus fyrstur manna á Ísafirði í sveitarstjórnarkosningunum 1993.

PIZZA 67 **Pantanasíminn er 456 3367** **PIZZA 67**

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☐ 456 4547

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Bakkavegur 4a: Lítið einbýlishús, endurnýjað að hluta. Verð: 2.100.000.
Hafraholt 14: 144,4m² raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 8.900.000,-
Hlíðarvegur 43: 186m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.400.000,-
Hlíðarvegur 48: 146,4m² einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 6.500.000,-
Hnífsdalsvegur 27: 182m² glæsileg íbúð ásamt 413m² iðnaðarhúsnæði í góðu standi. Tilboð óskast.
Lyngholt 8: 138m² einbýlishús á einni hæð ásamt 31m² bílskúr. Nýtt parkett ný málað. Skipti á eign í Hafnarfirði. Verð: 10.800.000,-
Mjallargata 8: 117,8m² einbýlishús 9.400.000,-

Túngata 12: 99m² 4ra herbergja íbúð á miðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti möguleg. Verð: 7.900.000,-
Túngata 12: 98,9m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þríbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti möguleg. Verð: 6.700.000,-
Túngata 12: 62m² íbúð í kjallara í þríbýlishúsi. Skipti á stærrri eign möguleg. Verð: 3.900.000,-

Hafraholt 10: 144,4m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt 22,4m² bílskúr. Verð: 9.300.000,-
á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust strax. Verð: 7.400.000,-
Seljalandsvegur 48: 188m² einbýlishús á þremur pöllum ásamt bílskúr. Gott útsýni. Skipti á ódýrari eign. Verð: 12.700.000,-
Silfurgata 9: 150m² einbýlishús (4ra herb.) ásamt geymslu, kjallara og skúr. Nýmálað. Góð kjör í boði. Verð: 7.800.000,-
Skipagata 11: 78,4m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt eignarlóð. Öll tilboð skoðuð. Verð: 4.500.000,-
Sólgata 7: 100m² einbýlishús endurnýjað að hluta. Barnavænn garður. Kjallari ca. 50m². Verð: 7.000.000,-
Stekkjargata 4: 106,9m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 2.100.000,-
Strandgata 3b: 32,6m² lítið einbýlishús á tveimur hæðum. Verð: 600.000,-
Urðarvegur 13: 85m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. Verð: 5.500.000,-
Urðarvegur 26: 236,9m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-
Urðarvegur 27: 190,5m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Stór sólpallur og ræktuð lóð. Verð: 13.500.000,-
Urðarvegur 58: 209m² raðhús á 3 pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Öll tilboð skoðuð. Verð: 11.900.000,-

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 21: 132,2m² 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-
Engjavegur 31: 92,1m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikið uppgerð. Skipti á stærrri eign möguleg. Verð: 5.500.000,-
Fjarðarstræti 4: 120m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyriinn möguleg. Verð: 6.500.000,-
Fjarðarstræti 6: 122m² 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.500.000,-
Hafnarstræti 6: 158m² 6 herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýli auk 2ja herbergja í risi. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 7.500.000,-
Hjallavegur 8: 128,5m² 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Íbúðin er laus 1. janúar 1998. Verð: 6.900.000,-
Hjallavegur 12: 113,9m² 3-4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5.500.000,-
Seljalandsvegur 20: 161,2m² 5-6 herb. íbúð á e.h. í tvíbýlishúsi ásamt stórum bílskúr. Falllegt útsýni. Verð: 10.700.000,-
Stórholt 11: 103m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi ásamt bíl-

geymslu. Íbúðin er laus. Verð: 7.800.000,-
Stórholt 13: 103m² 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærrri eign möguleg. Verð: 7.800.000,-
Túngata 18: 89,2m² 4ra herbergja íbúð í góðu standi á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Húsið allt uppgerð. Möguleg skipti á minni eign. Verð: 6.900.000,-

3ja herbergja íbúðir

Engjavegur 17: 61,7m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Sér inngangur. Íbúðin er öll nýmálað. Verð: 4.600.000,-
Fjarðarstræti 38: 70m² 3ja-4ra herbergja íbúð á rishæð ásamt geymslu. Íbúðin er mikið endurgerð. Verð: 4.000.000,-
Pólgata 6: 55m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt herb. í kjallara, innangengt úr íbúð. Sér inngangur. Tilboð óskast.
Hreggnasi 12: 60m² íbúð í vestur-enda í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 2.100.000,-
Pólgata 6: 52m² risibúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjað. Verð: 3.900.000,-
Seljalandsvegur 67: 107m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-
Stórholt 7: 76m² íbúð á þriðju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-

2ja herbergja íbúðir

Grundargata 2: 50,5m² íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-
Hreggnasi 12: 25m² einstaklingsíbúð í austurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 600.000,-
Sundstræti 24: 69m² íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikið uppgerð. Verð: 4.900.000,-
Túngata 20: 53,4m² íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi í góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Verð: 5.400.000,-

Hlíðarvegur 38: 183,2m² raðhús á þremur hæðum. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 9.500.000,-

Ekkert hefur rætt um aðferðir við uppstillingu framboðslista að sögn Jónu Símóníu, en hún segist persónulega vera hlynnt svipuðum leiðum og R-listinn í Reykjavík viðhefur í þessum efnunum.

„Í mínum huga skiptir ekki máli hvaða flokkur fær hvaða sæti. Einstaklingarnir sem skipa listann skipta meira máli. Mér skilst að í fyrra hafi menn einblínt töluvert á sæta-skipan, en nú er fólk sammála um að leggja áherslu á mál-efnalegan grunn að samstarfi áður en farið verður út í hugleiðingar um framboðslista,“ sagði Jóna Símónía.

Funklistinn ætlar að sjá til

„Það er verið að leggja drög að því hvernig undirbúningi Funklistans vegna framboðs til sveitarstjórnarkosninganna verður háttað. Okkur finnst einna mikilvægast að athuga hvort áhugi á framboði er til staðar hjá ungu fólki. Hópurinn sem stóð upphaflega að Funklistanum er orðinn dálítið gisinn, fólk hefur farið í frekara nám og annað slíkt og þess vegna þörf á ákveðinni endurnýjun,“ sagði Kristján Freyr Halldórsson, annar tveggja fulltrúa Funklistans í bæjarstjórn, í samtali við blaðið.

„Ég get ekki svarað því ákveðið hvort við bjóðum fram eða ekki. Við ætlum að sjá til, en þetta veltur á því hvort ungt fólk er tilbúið til að byggja upp nýjan lista eða ekki. Ég get samt fullyrt að ef framboð verður raunin, þá verða hlutirnir ekki gerðir á sömu forsendum og áður. Við erum ekki svo vitlaus að nota sömu aðferðimar aftur.

Funklistinn gæti verið samnefnari eða stjórn málafl fyrir ungt fólk sem vill hafa áhrif og mér finnst ekkert nema gott um það að segja. Við munum efna til opins fundar með ungu fólki í byrjun nóvember og þá munu hlutirnir væntanlega fara að skýrast. Ég á ekki von á að afstaða okkar til þátttöku í viðræðum um myndun samfylkingar ásamt öðrum flokkum liggja fyrir fyrir en eftir fundinn,“ sagði Kristján Freyr Halldórsson.

Framsóknarmenn funda

Að sögn Kristins J. Jónssonar, bæjarfulltrúa Fram-

sóknarflokksins, er formlegur undirbúningur flokksins vegna kosninganna í vor ekki hafinn, en menn þó farnir að tala saman á óformlegan hátt. Hann reiknar með að í næsta mánuði skýrist hvernig staðið verður að framboðsmálum af hálfu Framsóknarflokksins.

Í kvöld munu Framsóknarmenn halda fund þar sem til umræðu er boð um þátttöku í viðræðum um sameiginlegt framboð félagshyggjufólks. Að sögn Kristins mun afstaða flokksins í þeim efnun væntanlega liggja fyrir eftir fundinn.

Prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum

Sjálfstæðismenn í Ísafjarðarbæ hafa ákveðið að efna til prófkjörs vegna komandi bæjarstjórnarkosninga. Kosin hefur verið sjö manna nefnd sem sjá mun um undirbúning og reglugerð vegna kjörsins og á hún að skila tillögum sínum um tilhögun og tíma-setningu um næstu mánaðarmót.

„Ég myndi fagna sameiginlegu framboði hinna flokkana því það myndi skapa mjög hreinar línur í bæjarpólitíkinni. Ég vona svo sannarlega að þeim takist þetta og sé ekkert nema gott eitt við þessar hugmyndir,“ sagði Halldór Jónsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, í samtali við blaðið.

Aðspurður um hvort menn byrjuðu kosningaundirbúning of snemma, sagði Halldór persónulega telja svo vera. „Mín skoðun er sú, að í svona litlu samfélagi sé engin þörf á að fara í prófkjör og uppstillingarvinnu fyrir en eftir áramót. Hér hefur kosningabarátta yfirleitt verið stutt og snörp og ég held að því verði ekki breytt. Mér finnst eðlilegt að menn klári vinnu við fjárhagsáætlun og annað sem fyrir bæjarfulltrúum liggur í kringum áramót, áður en farið er í kosningavinnu. Það þarf að taka hlutina í réttari röð að mínu mati og prófkjör og uppstillingar taka auðvitað tíma frá mönnum.“

Halldór kvaðst ekki vita hvort núverandi bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hyggðust gefa kost á sér áfram og hann sjálfur hefur ekki tekið ákvörðun um slíkt enn.



Húsfyllir var á fundinum í Stjórnsýsluhúsinu og gengu um 80 manns í samtökin sem nú telja um 1600 manns.

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði

Húsfyllir á fundi Samtaka um Þjóðareign

Húsfyllir var á fundi Samtaka um Þjóðareign sem haldinn var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á sunnudag. Nú hafa um 1600 manns gengið í samtökin á landsvísu, en um 80 manns gengu í þau á fundinum á Ísafirði.

Margir tóku til máls á fundinum og var mönnum talsvert heitt í hamsi. Meðal frummælenda voru Pétur Bjarnason, forstöðumaður Skólaskrifstofu Vestfjarða og Matthías Bjarnason fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

Pétur sagði í ræðu sinni að samkvæmt lögum væru allir nytjastofnar á Íslandi og þar með taldir fiskistofnarnir, sameign þjóðarinnar allrar. Þetta væru samt ein mestu öfugmæli nútímans. „Eigi þjóðin þessa fiskistofna, eins og virðist skýrt samkvæmt lögum, þá er deginum ljósara að hún hefur ekki afhent einstaklingum þessa eign sína til þess að braska með hana. Hún hefur ekki heldur gefið þingmönnum eða ríkisstjórn umboð til þess að afhenda hana. Þeir hafa því brugðist trausti þjóðarinnar.“

Pétur fagnaði stofnun Samtaka um Þjóðareign og taldi framtakið löngu tímabært.

„Samtökin eiga að vekja athygli á ranglætinu, vera hróprandinn í eyðimörkinni í upphafi og safna síðan liði. Þess hefur kannske aldrei verið eins brýn þörf eins og núna. Verði það ekki gert innan skamms, þá næst það fram, að leggja stóran hluta landsbyggðarinnar í auðn. Ef til vill var það líka markmið einhverra í upphafi, af svokölluðum hagkvæmnisástæðum.“

Ótti farinn að búa um sig hjá eigendum kvótans

„Það sem okkur vantar fyrst og fremst er réttlæti. Að ekki verði gengið á frumbyggjarétt okkar. Vestfirðingar hafa frá öröfi alda komist betur af en aðrir landsmenn vegna staðsetningar sinnar fast við gullkistu þjóðarinnar. Nú er búið að loka henni fyrir okkur og ausa gullinu út til valinna einstaklinga og fyrirtækja. Svo á sem sárabætur, að heimila okkur að kaupa hlutabréf í herlegheitunum.“

Pétur sagði að ótti væri farinn að búa um sig hjá svokölluðum eigendum kvótans. Ótti um að samtök á borð við Sam-

tök um Þjóðareign næðu að hrófla við kerfi þeirra.

Óánægjan kraumar vítt og breitt um landið

Matthías Bjarnason sagðist í fyrstu hafa verið tregur til að koma fram á fundinum, vegna þess að hann væri „eiginlega hættur öllum slíkum tilburðum.“ „Mér fannst samt rétt að gera hér undantekningu á, því hér er um það stórt og veigamikil mál að ræða sem varðar þjóðina alla og það kraumar undir niðri mikil óánægja vítt og breitt um landið, um þá stjórmarstefnu sem er ríkjandi varðandi fiskveiðistjórn.“

Matthías rakti síðan sögu fiskveiðistjórnunar Íslendinga fram að útfærslu landhelginnar í 200 mílur árið 1975 og ræddi síðan hámarksafatlillögur Hafró á árunum sem fylgdu í kjölfarið, en hann kvað þau vísindi ávallt hafa hljómað sérkennilega í sínum eyrum.

Er þetta alvöru Þjóðfélag?

„Þessi kvótamál eru orðin leiðinleg til umræðu. En út af orðum Péturs Bjarnasonar hér áðan, þá sé ég ekkert eftir því að hafa alltaf verið á móti kvótanum. Kvótinn hefur að mínum dómi verið helstefna og hann hefur gengið svo langt að það eru að verða nokkrar fjölskyldur í landinu sem eiga orðið fiskinn í sjónum. Það er meira að segja svo langt gengið, að þegar hjón skilja þá heimtar konan að eiga ákveðna hlutdeild af fiski sem syndir í sjónum. Er þetta alvöru Þjóðfélag?“

Í lok ræðu sinnar komst Matthías svo að orði. „Ef stjórnvöld, og þá ekki síst forystumenn míns gamla flokks, ætla að tróna á stalli og líta niður til almennings þá eru þeir menn að leggja grunn að því að samtök eins og þau sem standa fyrir þessum fundi, breytist fyrir en síðar í það að verða að stjórn málafl sem sýnir ábyrgð og heiðarlegt starf. Ég vona að stjórnvöld, bæði gamli flokkurinn minn og aðrir flokkar, sjái að sér og geri veigamiklar breytingar í þá átt að sýna fólkinu í landinu meiri sanngirmi en nú er gert.“

Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona, heldur tónleika

Á sunnudaginn mun Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona, halda tónleika í sal Grunn-skólans á Ísafirði. Meðleikari hennar verður Hólmfríður Sigurðardóttir. Elín Ósk hefur fyrir löngu sungið sig inn í hjórtu Íslendinga með frábærum

söng sínum, bæði í óperum og á tónleikum. Hólmfríður Sigurðardóttir, sem er borinn og barnfæddur Ísafirðingur, hefur komið víða við sem einleikari og meðleikari. Á tónleikunum munu þær kynna nýút-kominn hljómdisk sinn með íslenskum og

norrænum lögum, ásamt ítölskum óperuaríum. Á fyrri hluta efnis-skrárinnar eru sönglög eftir Árna Thorsteinsson, Emil Thoroddsen, Pál Ísólffson, Jón Þórarinsson, Grieg og Sibelius, en síðari hlutinn er helgaður þekktum óperuaríum, m.a. úr

Tosca og Madame Butterfly. Tónleikarnir eru 1. áskrifartónleikar Tónlistarfélags Ísafjarðar á nýju starfsári félagsins, og um leið framlag þess til „Vetrarnátta“, listahátíðarinnar sem nú stendur yfir á Ísafirði.



Elín Ósk Óskarsdóttir.



Hólmfríður Sigurðardóttir.

Bæjarins besta

Blasnað 14. nóvember 1994

Útgefandi:

H.-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
☐ 456 4564

Stafræn útgáfa:

<http://www.snerpa.is/bb>

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang:

hprent@snerpa.is

Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Járnkarlinn á heimavelli

Hann er aftur kominn á stjá. Það var svo sem auðvitað að hann léti sitt ekki eftir liggja þessi fyrrum sjávarútvegsráðherra, sem lét sig ekki muna um að skella hurðum á Alþingi til að áréttu afstöðu sína og beið ekki eftir flokkslínunni eða afstöðu einstakra ráðherra þegar taka þurftu afstöðu í hagsmunamálum landsbyggðarinnar. Þegar Matthías Bjarnason ræðir sjávarútvegs mál leggja menn við hlustir. Járnkarlinn að vestan er samur við sig.

Þegar mikið liggur við standa menn með skaphöfn Matthíasar Bjarnasonar ekki utangarðs. Þegar sýnt er að fiskveiðistefna stjórnvalda leiðir til auðnar á landsbyggðinni; þegar yfirráðin yfir sameign þjóðarinnar eru að komast á fárra hendur; þegar ungum og dugandi mönnum er gert ókleift að hefja útgerð, þarf engan að undra þótt fyrrverandi sjávarútvegsráðherra og fyrsta þingmanni Vestfirðinga hlapi kapp í kinn. Þess vegna var Matthías mættur á heimavöll í nafni Samtaka um þjóðareign um síðustu helgi, á fundi á Ísafirði.

„Það liggur alveg hreint og klárt fyrir að ýmsir af ráðamönnum þessarar þjóðar, bæði nú og á undanförmum árum, hafa markvisst unnið að því að drepa landsbyggðina niður.“ Þetta er harður dómur þingmanns í áratugi og ráðherra í fjölda ára. Og hann liggur ekkert á því að þetta sé andstætt stefnu þess flokks, sem hann hefur stutt frá 16 ára aldri.

„Ég vildi sjá að bátaflotinn einn hefði leyfi til að veiða út á 30 sjómílur. Minni togaramir fengju að veiða frá 30 mílna mörkunum og verksmiðjuskípin fengju ekki að veiða innan við 50 mílur frá landi.“

Matthías kveður tiltekin mörk ekki heilagar tölur. En, „með þessu fyrirkomulagi mætti styrkja þá staði sem nú hafa orðið harðast úti og við myndum hverfa frá því léns-herraskipulagi sem við höfum siglt inn í.“

Það er Samtökum um þjóðareign mikill styrkur að hafa fengið mann eins og Matthías Bjarnason í sínar raðir. Fundurinn með Matthíasi var fjölmennur og líflugar umræður og undirtektir fundarmanna sýndu svo ekki verður um villst að Vestfirðingar munu ekki láta sitt eftir liggja til að efla Samtök um þjóðareign.

Endurkoma Matthíasar Bjarnasonar í umræðuna um kvótakerfið boðar tíðindi og er mikið ánægjuefni. Á fundinum á Ísafirði hvatti hann fólk í öllum flokkum til að styðja Samtök um þjóðareign og leggja sitt af mörkum til að móta stefnu þeirra.

„Ef menn sjá ekki að sér mega goðin á stallinum fara að skjálfa. Ef þessir menn skilja þjóðina er komið að því að þeir geri þar bragabót og sættist við þjóð sína. Ef þeir ekki gera það á veldi þeirra ekki marga lífdaga eftir.“

Þessi skilaboð sjávarútvegsráðherra fyrrverandi verða ekki misskilin.

-s.h.

Leiðari



Júpiter hf., í Bolungarvík gerði út Júpiter RE-161.

Fyrrum framkvæmdastjóri Júpitters hf., í Bolungarvík

Þriggja milljóna króna í sýsluábyrgð og staðgreiðslu virðisaukaskatt og staðgreiðslu

Einar Jónatansson, fyrrum framkvæmdastjóri Júpitters hf., í Bolungarvík, var á föstudag dæmdur í 3ja mánaða skilorðsbundnið fangelsi og til að greiða þrjár milljónir króna í sekt til ríkissjóðs, vegna brota á lögum um virðisaukaskatt og á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákæru á hendur framkvæmdastjóranum um fjárdrátt, fyrir að hafa eigi skilað Lífeyrissjóði Bolungarvíkur lífeyrissjóðum að fjárhæð kr. 2.630.575.- var vísað frá dómi vegna þess að í 3. kafla ákæru er ákærð hvorki gefið að sök að hafa dregið að sér eða Júpiter hf., fjármuni eða önnur verðmæti, sem hann hafði í vörslum sínum, né heldur að hafa heimildarlaust notað fjármuni starfsmanna félagsins í eigin þarfir eða félagsins, þannig að varði við 247 gr. hegningarlaga. Þær sakagiftir hlutu ekki sérstaka efnismeðferð fyrir dómi af hálfu ákæruvalds. „Þegar þetta er virt þykir tilgreining þessara sakargifta svo óljós, að ekki verður hjá því komist að vísa umræddum ákærukafla frá dómi án kröfu,“ segir í niðurstöðu dómsins.

Framkvæmdastjóranum fyrrverandi var gefið að sök að hafa eigi staðið innheimtumanni ríkissjóðs skil á virðisaukaskatti sem félagið hafði

innheimt á árunum 1992 og 1993, samtals að fjárhæð kr. 11.184.010.- Þá var honum gefið að sök að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á kr. 8.978.419.- sem haldið hafði verið eftir af launum starfsmanna félagsins á árunum 1992 og 1993, samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sbr. lög nr. 90/1987.

Rannsókn og meðferð málsins

Við rannsókn og meðferð málsins dró ákærði ekki dul á, að hann hafi sem framkvæmdastjóri Júpitters hf., borið einn ábyrgð á daglegri stjórnun félagsins, þar á meðal fjármálastjórn, á þeim tíma sem máli skipti við meðferð málsins. Hann lýsti sig engu að síður saklausan af öllum ákæruatriðum og kvaðst ekki hafa brotið gegn ákvæðum laga, sem ákært væri fyrir. Varðandi ætluð vanskil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda vísaði ákærði annars vegar til munnlegra samninga, sem gerðir höfðu verið við Jónas Guðmundsson, sýslumann í Bolungarvík, sem innheimtumann ríkissjóðs, vegna skila á vörslusköttum vegna uppgjör- og greiðslutímabíla júní-desember 1992. Ákærði gat ekki tilgreint nákvæmlega

hvenær samningar hafi verið gerðir, en kvað augljóst að þeir hafi tekið til þeirra tímabíla allra, sem ákært væri út af og að staðið hafi verið við samninga af hálfu Júpitters hf., að því marki, að ekki hafi verið gripið til lokunaraðgerða af hálfu innheimtumanns. Þá vísaði ákærði hins vegar til skriflegs samkomulags við innheimtumann ríkissjóðs í Bolungarvík, sem gert hafi verið 29. janúar 1993, en þá hafi vanskil félagsins á vörslusköttum, að meðtöldum dráttarvöxtum, numið um það bil 13.500.000 króna.

Jónas Guðmundsson, sýslumaður bar fyrir dómi, að hann hafi á árunum 1992 og 1993, sem innheimtumadur ríkissjóðs í Bolungarvík, samið við ákærða, sem framkvæmdastjóra Júpitters hf., um greiðslur á vanskilum félagsins á svonefndum vörslusköttum. Í því hafi einnast falist, að þar til greindar fjárhæðir yrðu greiddar til sýslumanns-embættisins í samræmi við nánara samkomulag hverju sinni og yrðu veiðar Júpitters RE-161 þá ekki stöðvaðar meðan staðið væri við samningana. Aðspurður um hvort samkomulagið fæli ekki í sér frestun á gjalddögum tilfallandi vörsluskatta eftir 29. janúar 1993, kvaðst sýslumaður tæpast geta um það

borið og taldi aðila ekki hafa tekið beina afstöðu til þess við samningsgerðina.

Sýslumaðurinn fullyrti að fjármálaráðuneytinu hefði verið kunnugt um tilvist síðastgreinds samkomulags og að hann hafi verið í sambandi við ótilgreindan starfsmann þess vegna málsins og tilkynnt honum að rekstur Júpitters hf., yrði ekki stöðvaður að svo stöddu, þrátt fyrir að skattskuldir félagsins næmu hærri fjárhæð en kr. 200.000., en sýslumaður kvað þá fjárhæð vera viðmiðunarfrjárhæð fyrir innheimtumenn ríkissjóðs um hvenær bæri að innsigla fyrirtæki vegna vanskila og styddist hún við verklagsreglur fjármálaráðuneytisins. Reglurnar væru þó ekki skýrar um þetta atriði og hafi tilvik Júpitters hf., verið svo sérstakt, að hann hafi ákveðið að fresta lokunaraðgerðum allt fram til 5. apríl 1993.

Sýslumaður kvaðst á greindum tíma hafa vitað að ákærði væri ólöglerður og að hann hefði ekki við neinn annan að semja um greiðslu skattskulda en sýslumanninn í Bolungarvík. Kvaðst sýslumaður hafa talið sig hafa fullt og óskorðað umboð ríkissjóðs til þeirra samninga, sem gerðir voru. Taldi hann ekkert ólöglegt við gerð slíkra samninga og taldi sig hafa verið að þjóna

Ísafjarðardjúp

Samdráttur í laxveiði

Laxveiði í ám við Ísafjarðardjúp hefur minnkað um rúmlega helming á tveimur árum. Lokatala úr Laugardalsá í ár var 130 laxar á móti 233 árið 1995 eða minnkun upp á 103 laxa. Í Langadalsá minnkaði veiðin um 111 laxa eða úr 251 laxi árið 1995, í 140 laxa á nýafstöðnu veiðitímabili. Heildaraflinn í Hvannadalsá var 25-30 laxar í sumar.

Flateyri

Styrktartónleikar

Á mánudagskvöld verða haldnir tónleikar í Íþróttahúsinu á Flateyri á vegum minningarsjóðs Flateyrar. Á tónleikum koma fram söngvararnir Þóra Einarssdóttir og Björn Jónsson, en þau gera garðinn frægan um þessar mundir í óperunni Cose Fan Tutte eftir Mozart, sem sýnd er í Reykjavík við mikla aðsókn. Undirleikari verður Jónas Ingimundarson.

Ísafjörður

Hvatt til varfærni

Nú hefur leiðin um Silfurtorg á Ísafirði verið opnuð og af því tilefni hafði lögreglan samband við blaðið og bað um að komið yrði á framfæri við öikumenn að þeir færu varlega um götuna. Lögreglan vill einnig vara öikumenn við aðgerðum sem farið verður út í gegn þeim sem leggja ólöglega við Samkaup. Frá og með þessari viku mun lögreglan sekta menn vægðarlaust fyrir að leggja ólöglega

hagsmunum allra með því að stöðva ekki rekstur Júpíters hf., enda þótt hann „færi ekki eftir stífustu verklagsreglum fjármálaráðneytisins,” eins og hann komst að orði.

Niðurstaða dómsins

Í niðurstöðu dómsins segir: „Ákærði var framkvæmdastjóri Júpíters hf., frá stofnun félagsins og fór með prókúrumboð allt fram til töku bús félagsins til gjaldþrotaskipta 16. apríl 1993. Bar hann sem slíkur ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, þar á meðal fjárreiðum. Ákærði sá þannig

50/1988 um virðisaukaskatt bar ákærða skylda til að greiða ótilkvaddur innheimtan virðisaukaskatt fyrir uppgjörstímabilið nóvember-desember 1992 eigi síðar en 5. febrúar 1993 og fyrir uppgjörstímabilið janúar-febrúar 1993 eigi síðar en 5. apríl það ár. Umrætt lagaákvæði verði ekki túlkað á annan veg en að því felist fortakslaus skylda til greiðslu fjáris á lögmætum gjalddögum, enda heimila hvorki önnur ákvæði laganna né reglugerða settra samkvæmt þeim frávik frá þeirri reglu. Samningar sýslumannsins í Bolungarvík, sem

vanheimild sýslumanns til samningsgerðar. Með samsvarandi hætti getur ákærði ekki borið fyrir sig afsakanlega vanþekkingu á ákvæðum 15., 16. og 20. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og öðrum atvikum að baki samningsgerðinni við sýslumann, en samkvæmt tédum lagaákvæðum bar ákærða að halda eftir opinberum gjöldum af launum starfsmanna félagsins á þeim greiðslutímabilum, sem tilgreind eru í II. kafla ákæru og standa ótilkvaddur skil á því fé til innheimtumanns ríkissjóðs.” Samkvæmt þessu og með

brotunum. Þá var haft í huga að brotavilji ákærða var ekki styrkur og að hann reyndi eftir fremsta megni að standa skil á umræddum vörslusköttum til ríkissjóðs, þótt ekki væri það á lögmætum gjalddögum.

Ákærði, Einar Jónatansson, var dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi, sem fellur niður að tveimur árum liðnum frá dómsbirtingu, haldi ákærði almennt skilorð. Þá var ákærða gert að greiða þrjár milljónir króna í sekt í ríkissjóðs og kemur sex mánaða fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan

Bolungarvík dæmdur í Héraðsdómi Vestfjarða

Þekt fyrir brot á lögum um greiðslu opinberra gjalda

um innheimtu og skil á virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda á því tímabili, sem I. og II. kafla ákæru lúta að og bar ábyrgð á að haldið væri eftir af launum starfsmanna félagsins 4% iðgjaldshluta þeirra til Lífeyrisjóðs Bolungarvíkur, sbr. III. kafla ákæru.

Samkvæmt 24. gr. laga nr.

innheimtumanns ríkissjóðs og ákærða, sem framkvæmdastjóri Júpíters hf., brutu þannig gegn skýrum fyrir mælum laganna. Getur ákærði ekki borið fyrir sig gildi slíkra samninga til sýknu í málinu, enda mátti honum sem framkvæmdastjóra félagsins vera kunnugt um tilvist og efni framangreindrar réttarreglu og

vísan til 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 1. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, var ákærði sakfelldur fyrir að hafa ekki staðið skil á umræddum vörslusköttum. Við ákvörðun refsingar var tekið tillit til þess að ákærði skýrði skilmerkilega frá öllum sakargiftum og að sýnt þykir að hann hefur ekki hagnast persónulega á

fjögurra vikna frá birtingu dómsins. Þá var ákærði dæmdur til að greiða 100 þúsund krónur í saksóknaralaun, en annan kostnað greiðir ákærði að 2/3 hlutum, en 1/3 hluti greiðist úr ríkissjóði. Af hálfu skipaðs verjanda var ekki krafist málsvarnarlauna. Dóminn kvað upp Jónas Jónatansson, héraðsdómari.



ATR 42 flugvél Íslandsflugs mun verða í ferðum milli Ísafjarðar og Reykjavíkur í vetur.

Vetraráætlun Íslandsflugs

Flugi til Hólmavíkur hætt

Vetraráætlun Íslandsflugs tók gildi frá og með síðasta mánudegi og gildir til 24. maí í vor. Samkvæmt henni fá Ísafirðingar daglegar ferðir á ATR 42, 46 sæta vél félagsins, en sökum leigu á einni Dornier-vél félagsins,

mun næturseta vélar á Ísafirði leggjast af. Félagið mun áfram sinna sjúkraflygi frá Vestfjörðum og verður 9 sæta vél staðsett á Ísafirði í allan vetur. Sú vél mun einnig tengja suður- og norðurfirðina með áætlunarflugi milli Ísafjarðar og

Bíldudals.

Félagið mun fljúga daglega til Bíldudals auk þess sem þangað verður aukavél á þriðjudögum og föstudögum. Áætlunarflug til Hólmavíkur hefur verið fellt niður en félagið mun hins vegar halda

óbreyttri áætlun til Gjögurs tvisvar í viku. Þá hefur félagið gert samninga við flest hótél í Reykjavík og leikhús og býður nú upp á pakkaferðir til borgarinnar. Það býður einnig pakkaferðir hvar sem er um landið.



Ísafjörður

Vönduð fasteign til sölu

Til sölu er 3ja- 4ra herbergja íbúð á fjórðu hæð í fjölbýlishúsinu nr. 20 við Aðalstræti á Ísafirði. Um er að ræða íbúð sem er u.þ.b. 100m² að stærð ásamt geymslu í kjallara og tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðaréttindum. Eignin er á góðum stað í miðbæ Ísafjarðar.

Suðureyri

Fasteign er selst á góðu verði

Til sölu er fasteignin Aðalgata 10, efri og neðri hæð, Suðureyri. Um er að ræða tvær aðskildar íbúðir á sitt hvorri hæðinni, en mjög hentugt er að gera eignina að einni góðri íbúð. Eignin selst á hagstæðu verði.

Óskað er eftir tilboðum í eignirnar en allar nánari upplýsingar gefur Björn Jóhannesson, hdl., Aðalstræti 24, Ísafirði, í síma 456 4577 milli kl. 10:00-12:00 og kl. 13:00-16:00.



ORKUBÚ VESTFJARÐA

Bílar til sölu

Tilboð óskast í eftirtalda bíla:

Toyota Hilux D-cab árgærd 1989, ekinn 135.000 km., dísel.

Izusu DLX Sports cab, árgærd 1991, ekinn 102.000 km., dísel.

MMC-L300, árgærd 1990, ekinn 69.000 km., bensín.

Subaru Justy J10, árgærd 1988, ekinn 82.000 km., bensín.

Bílarinnar eru til sýnis hjá Orkubúi Vestfjarða í Syðridal, Bolungarvík. Með bílunum fylgir ástandsskoðun.

Tilboðum skal skila til Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, Ísafirði. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Orkubú Vestfjarða.

SKÓHORNID SKÓVERSLUN

Aðalstræti 24 • Sími 456 4323



Góðir í skólann Verð kr. 3.980.-

Hluthafafundur

Stjórn Básafells hf., boðar hér með til hluthafafundar í félaginu, fimmtudaginn 6. nóvember 1997, kl. 17:00., á Hótel Ísafirði, fundarsal á 1. hæð.

Fundarefni: Tillaga um breytingu á reikningsári félagsins.

Stjórn Básafells hf.

Árshátíð bílstjóra

Árshátíð bílstjóra verður haldin í Félagsheimilinu í Hnífsdal, laugardaginn 1. nóvember. Húsið opnar kl. 19:30.

Borðhald hefst kl. 20:00.

Nefndin.

Villibráðakvöld laugardaginn 1. nóvember

AF SPENNANDI RÉTTUM Á HLAÐBORÐI
MÁ NEFNA HREINDÝR, GÆS, LUNDA, HNÍSU,
RJÚPU, SKYRTERTU, OSTATERTU OG MARGT,
MARGT FLEIRA.

LIFANDI TÓNLIST

VINSAMLEGAST PANTIÐ BORD

Hótel Ísafjörður
sími 456 4111

Líf og fjör í Vagninum á Flateyri

Tónleikar til styrktar Hallbirni

Forsvarsmenn Vagnsins á Flateyri hafa ákveðið að efna til fjögurra daga tónleikahalds til styrktar Hallbirni Hjartarsyni, kántrí-söngvara með meiru, sem missti veitingastað sinn, Kántríbæ á Skagströnd og

útvarpstöð í eldsvoða fyrir stuttu.

Að sögn Egils Egilssonar í Vagninum, er ráðgert að fjöldi tónlistarmanna sem spilað hafa í Kántríbæ, mæti til leiks í Vagninum dagana 13.-16. nóvember nk. Heiðursgestur

á tónleikunum verður kántríkóngurinn sjálfur, Hallbjörn Hjartarson. Allir þeir sem vilja leggja málefnið lítið eru hvattir til að mæta í Vagninum.

Á föstudagskvöld verður mikið um að vera í Vagninum en þá fer þar fram fyrirtækja-

keppni í karaoke. Fjöl-mörg fyrirtæki hafa nú þegar skráð sig til keppni, en stjórnendur þeirra fyrirtækja sem enn hafa ekki skráð sig, er bent á að hægt er að tilkynna þátttöku til fimmtudagskvölds.

Dýrfinna Torfadóttir (Dídí) er gullsmiður, sjóntækjafræðingur og sjónfræðingur á Ísafirði og rekur verkstæði og verslun undir nafninu Gullauga. Hún hefur stundað þennan rekstur síðustu fjórtán árin og löngu getið sér gott orð fyrir listrænar smíðar. Fyrr á þessu ári hlaut hún t.d. fyrstu verðlaun í samkeppni um íslenskt skart, sem tímaritið Hár og fegurð gekkst fyrir á Hótel Íslandi. Í fyrra varð Dýrfinna í öðru sæti í sömu keppni.

Nafnið á fyrirtækinu hennar er ákaflega vel skiljanlegt og vel heppnað – í því tengjast bæði gullið og gleraugun. Samt er því ekki að neita, að einstaka manni koma í hug kartöflur þegar hann heyrir það fyrst. „Vinir mínir hafa gaman af því að gera at í mér út af nafninu“, segir Dýrfinna en þvertækur fyrir að eiga fáeina poka á lagernum bakatil fyrir þá sem kynnu að líta inn og spyrja um kartöflur.

Eiginmaður Dýrfinnu er Guðjón Brjánsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Guðjón er staddur í Svíþjóð um þessar mundir. Hann tók sumarfríð sitt á þessum óvenjulega tíma til þess að geta notað það til námsdvalar í Heilsuháskólanum í Gautaborg.

Dýrfinna er fædd í Reykjavík en uppalin á Ísafirði frá því að hún var ársögumul og hefur alla tíð búið á Ísafirði, að fráteknunum þeim árum sem hún hefur verið við nám í iðngreinum sínum, aðallega erlendis. Faðir hennar er Torfi Björnsson skipstjóri og Ísfríðingur, en móðirin er Sigríður Króknes úr Reykjavík. „Ég hef alltaf sagt að hún sé kjölfestan á heimilinu“, segir Dýrfinna.

Ég væri skipstjóri hefði hleypt mér

„Ég vann hér í frystihúsi eitt ár eftir gagnfræðapróf en fór svo í Iðnskólann á Ísafirði. Eftir það lá leiðin til Leiru í Valdres í Noregi til náms í gullsmíði. Það var árið 1975. Ég ætlaði mér alltaf að reyna að komast í nám hérna heima á Íslandi en gekk það erfiðlega. Svarið sem ég fékk var að ég væri kona og þær hættu alltaf. Í Noregi var ég stöðugt látin vinna við smíði á norsku þjóðbúningasilfri og mér fannst það heldur einhæft, þó að það væri út af fyrir sig mjög góður undirbúningur. Árið 1978 ákvað ég því að koma heim og klára námið hjá Sigtryggi og Pétri, gullsmiðum á Akureyri. Meistari minn þar var Pétur Breiðfjörð. Ég stefndi alltaf að því að koma aftur hingað heim á Ísafjörð að loknu náminu, en mér fannst að ég hefði ekki nógu mikla atvinnumöguleika

í gullsmíði eingöngu á hinum litla markaði hér. Ég fór þess vegna að hugleiða hvað hér vantaði fleira. Meðal annars blasti við að hér var enginn skósmiður, en mér fannst nú einhvern veginn að skósmíðin færi ekki nógu vel saman við gullsmíðina. Það varð svo úr, að ég ákvað að læra sjóntækjafræði og fór aftur til Noregs í þeim erindum. Ég var í Kónsbergi og lauk því námi vorið 1983 og kom þá aftur heim á Ísafjörð.“

– Stofnaðirðu Gullauga þá strax?

„Nei. Á meðan ég var að bíða eftir húsnæði fyrir vinnustofu og verslun, þar sem tannlæknarnir voru í Silfur götu 6, þá vann ég fyrst í fiski, en síðan var ég um sumartíma á úthafsækju með föður mínum. Gullauga opnaði ég svo í október 1983 og hef rek-ið það síðan.“

– En þú hefur gert meira en smíða og selja. Þú hefur unnið þér frama sem listamaður á sviði gullsmíða...

Dugleg að sækja námskeið og taka þátt í sýningum

„Það var nú aldrei ætlunin hjá mér. Þetta hefur bara komið af sjálfu sér. Ég hef sótt mörg námskeið og verið dugleg að taka þátt í samsýningum hjá gullsmiðum. Ég hef lagt á það áherslu að fylgjast vel með og reyna að vera sjálf með nýjungar. Þess vegna hef ég verið mjög iðin að sækja námskeið erlendis, bæði í Danmörku og Bandaríkjunum. Guðjón var eitt ár við nám í Bandaríkjunum rétt eftir að við giftum okkur og á þeim tíma sótti ég þar tvö námskeið.“

Góðir dómar hjá Braga Ásgeirssyni

– Viðurkenningar sem þú hefur unnið til...

„Snemma á þessu ári var á Hótel Íslandi samkeppni um íslenskt skart, sem tímaritið Hár og fegurð gekkst fyrir, og þar lenti ég í fyrsta sæti. Það kom mér dálítið á óvart, en það var engu að síður mjög skemmtilegt. Mér fannst dóttir Jens Guðjóns gullsmíðs í Reykjavík, Hansína Jensdóttir, ekki síður koma til greina en ég. Í sömu samkeppni í fyrra var ég í öðru sæti. Á sýningum hef ég jafnan fengið lofsamlegar umsagnir fyrir það sem ég hef gert. Meðal annars má nefna sýningu á Kjarvalsstöðum þar sem ég fékk mjög góða dóma hjá Braga Ásgeirssyni, og líkar þeim manni þó ekki allt. Ég

hef tekið þátt í sýningum úti í Svíþjóð og fengið þar ágætis dóma. Það sem mér finnst skipta mestu máli er að vera virk, að vera með og minna á mig. Mér þykir líka gaman að sýna fram á, að við sem búum úti á landi getum verið alveg samkeppnishæf við þá sem eru í Reykjavík. Oft er látið eins og við séum ekki til. En það er okkar sjálfra að minna á okkur.“

– Hvað smíðar þú mest?

„Það eru mest skartgripir, svo sem hálsmen, nælur, hringir og eymalokkar. En ég hef líka fengist nokkuð við skúlptúra. Ég hef bara ekki haft nægan tíma til þess og sinni slíku helst um helgar og á kvöldin. Einnig hef ég farið nokkuð út í að smíða nytjamuni, svo sem skálar og kertastjaka.“

– Smíðar þú sjálf allt sem þú selur?

„Nei, ég er einnig með nema, Ástþór Helgason, sem er reyndar að ljúka náminu um þessar mundir, en í staðinn er annar nemi að byrja á samningi hjá mér, Fjóla Þorkeldsdóttir. Þau eru bæði mjög dugleg og efnileg. Ástþór er frá Hafnarfirði og því miður missi ég hann suður um áramótin. Fjóla er ættuð úr Keflavík en er gift ungum manni hér á Ísafirði.“

Gullsmiðir, sjóntækjafræðingur og sjónfræðingur

– Þú ert meistari bæði í gullsmíði og sjóntækjafræði...

„Já, en auk þess lauk ég um síðustu áramót í fjarnámi í sjónmælingum og get því einnig borið titilinn sjónfræðingur. Sú menntun er samt ekki enn viðurkennd hérlend-



Þri í dag ef pabbi ér fyrir á sjóinn

is, eins og nokkuð var fjallað um í fréttum fyrir skömmu. Grikkland og Ísland eru einu löndin í Evrópu sem viðurkenna ekki menntun sjónfræðinga. En ég veit ekki betur en það mál komi bráðlega til umfjöllunar á Alþingi. Það hlýtur að verða samþykkt þar, ef við eigum að fylgja nútímanum og því sem almennt tíðkast í öðrum löndum. “

Á úthafs-rækju með pabba

– Á hvaða skipi varstu á úthafs-rækju með pabba þínum?

„Það var á Voninni frá Keflavík. Annars stundar hann rækjuveiðar hér í Djúpinu á sínum eigin bát en var á sumrin skipstjóri á úthafs-rækju.“

– Var ekkert sérkennilegt að kona skyldi vera á úthafs-rækju?

„Það veit ég ekki. Ég hef

alltaf sótt í sjómennskuna. Ég væri örugglega skipstjóri í dag ef pabbi hefði hleypt mér fyrir á sjóinn. Hann sagði að þetta væri ekkert kvenmannsverk og var tregur til að hleypa mér með. Ég fékk reyndar að fara túr og túr meðan ég var í skóla hérna heima.“

Sáust fyrst á rauðu ljósi hjá Jóni Baldvin og Ólafi Ragnari

– Ég man ekki betur en að þið Guðjón hafið gengið í hjónaband úti á sjó. Segðu mér nánar frá ykkar kynnum...

„Jú, það er rétt. Við giftum okkur hérna úti á Djúpinu. Ég kynntist Guðjóni árið 1988 og sá hann fyrst á pólitískum fundi – á rauðu ljósi með Jóni Baldvin og Ólafi Ragnari hér á Ísafirði. Ég reikna með því að hann hafi þá séð mig líka.

Ég var þá orðin þrítug og þótti tími til kominn að líta í kringum mig. Þessi fundur var á laugardegi og um kvöldið var ég að vinna á verkstæðinu alveg fram til miðnættis. Þá ætlaði ég að skreppa upp á Hjallaveg til foreldra minna í kaffi og þegar ég var komin af stað sá ég tvo myndarlega menn á gangi í Hafnarstrætinu. Það voru þeir Halldór S. Guðmundsson, sem þá var forstöðumaður á Hlíf, og Guðjón Brjánsson. Þeir voru þar að bíða eftir bíl. Við Halldór erum ágætis kunningjar og hann stoppar mig og spyr hvort ég vilji ekki skutla þeim í Krúsina, sem þá var inni í Ljóni. Ég hélt að maðurinn sem var með honum væri franskur eða eitthvað slíkt, hann var eitthvað svo suðrænn í útliti. Ég keyri þá inn í fjörð og þegar þangað kemur segir Halldór: Komdu

bara með okkur inn. Ég var nú ekkert þannig klædd, bara í vinnugallanum, en ég fór samt inn með þeim. Ekkert varð af kvöldkaffinu heima hjá foreldrunum í það skiptið og þar byrjaði samband okkar Guðjóns. Að vísu var það samband að miklu leyti símasamband fyrsta hálfu annað árið, því að hann var þá framkvæmdastjóri Múlabæjar og Hlíðabæjar, sem eru dagvistir fyrir aldraða í Reykjavík.“

Gengu í hjónaband úti á Djúpi

„Síðan fluttist hann hingað vestur og gerðist félagsmálastjóri Ísafjarðarkaupstaðar um tíma. Svo hætti hann því og fór á sjó með föður mínum í Inndjúpinu, áður en Guðjón fór til framhaldsnáms í Bandaríkjunum. Þénustan var betri á sjónum en í opinbera geiran-

um. Áður en haldið var vestur um haf giftum við okkur um borð í Fagranesinu úti á Djúpi. Það var 1. ágúst 1992. Guðjón átti hugmyndina. Í fyrsta lagi var þá engin kirkja á Ísafirði og hann vildi líka sýna sjómannsblóðinu í mér tilhlýðilega ræktarsemi. Þessi hugmynd kom fremur snögglega og henni var hrint í framkvæmd. Sá sem gaf okkur saman var Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður og góðkunningi minn. Ég hafði kynnst Ólafi Helga þegar ég var fáeina mánuði í bæjarstjórn sem varamaður, en hann var þá bæjarfulltrúi og oddviti sjálfstæðismanna á Ísafirði. Frá þeim tíma höfum við alltaf haldið venskap, þó að hann hafi vissulega verið í öðrum flokki en ég í pólitíkinni og andstæðingur á þeim vettvangi, ef þannig er litið á mál-in. Mér fannst hann samt ekki

vera svo langt frá minni línu í þeim efnum!“

Hjónin ekki sammála um veiðileyfagjaldið

– Ertu ennþá eitthvað viðriðin pólitíkina, eins og Guðjón bóndi þinn?

„Ég er nú ekki mjög pólitísk. Ef maður lítur í kringum sig í pólitíkinni hér fyrir vestan, þá finnst mér eins og grundvallarhugsunin hjá öllum sé hreinlega sú sama. Áherslurnar eru aðeins mismunandi. Þeir sem hafa einhver afskipti af pólitíkinni hérna gera það vegna þess að þeim er annað um samfélagið sitt og bæinn sinn. Ég á erfitt með að líta á fólk sem einhverja andstæðinga, þótt það sé ekki í sama flokknum. Mér finnst það viðhorf dálítið smáborgaralegt á svona stað, að

vera fyrst og fremst að hugsa um í hvaða flokki menn séu, ef þarf að taka einhverja ákvörðun eða ráða fólk til starfa. Við búum í allt of litlu samfélagi til þess að láta pólitíkina spilla okkur. En ég hef gaman af því að fara á pólitíska fundi og fylgjast með, ef ég hef tíma. Bóndi minn er miklu pólitískari en ég og hefur miklu meiri eðliseinkenni í þá hluti. Hann á miklu auðveldara en ég með að taka gagnrýni. Það þýðir ekkert að vera í þessu fyrir fólk sem tekur hlutina of nærri sér. Ég styð hann í því sem hann er að gera og ég er líka mjög ánægð með í hvaða flokki hann er. En við erum líka andstæðingar í ýmsum pólitískum málum, eins og varðandi veiðileyfagjaldið. Hann er hlynntur því en ég er á móti því. Mér finnst það hálfgerð tímaskekkja hjá Alþýðuflokknum og mér finnst Þorsteinn Gylfason hafa þar alltof mikil áhrif.“

– Aftur að verkstæðinu þínu og versluninni. Hvort versla heimamenn eða ferðamenn meira hjá þér yfir sumartímann?

„Útlendingarnir versla miklu meira yfir sumarið. Og þó alveg sérstaklega núna í sumar. Þetta var langbesta sumarið hjá mér frá upphafi. Undanfarið sumar var hér ekki eins mikið af ferðamönnum og nú og þar held ég að við séum í góðum málum. Ferðapjónustan hér vestra er að eflast ár frá ári.“

Ekki með nógu dýra skartgrip til sölu fyrir ferðamennina

– Eru það erlendir ferðamenn af skemmtiferðaskipunum eða á eigin vegum sem helst versla hjá þér?

„Það eru miklu síður ferðamennirnir af skipunum. Það fólk kemur minnst inn í búðina. Því er vísað beint upp í rútur og farið með það ákveðna leið hér í kring og síðan er því ekið beint niður í skip aftur. En það hlýtur vissulega að vera hlutverk okkar og á ábyrgð okkar, sem rekum hér verslanir, að vera í samstarfi við þá sem vinna hér að ferðamálum. Við verðum að gera eitthvað sjálf til að nálgast þetta fólk, jafnvel að fara niður á höfn með það sem við höfum upp á að bjóða. Ég stefni að því að gera eitthvað í því næsta sumar, að reyna að ná sambandi við þessa ferðamenn. Ég finn, að það fólk af skipunum sem þó kemur inn til mín, það vill versla og horfir ekki í peninginn. Ég hef rekið mig illilega á það í sumar, að ég hef ekki haft nógu dýra skartgrip fyrir þessa viðskiptavinum. Venjulega er ég fyrst og fremst að hugsa um Vestfirðingana, heimafólkið sem hefur ekki allt úr of miklum fjármunum að spila. Flestir skartgripir hjá mér kosta á bilinu þrjú til tíu þúsund krónur. Þetta sýnir bara smáborgaraskapinn hjá mér og þessu verð ég að breyta. Hjá

ferðamönnum á skemmtiferðaskipunum er fimmtíu þúsund kallinn hreint ekki neitt.“

Kollegarnir sögðu að þetta væri dauðadæmt

– En Vestfirðingar sjálfir versla mikið hjá þér...

„Já, mjög mikið. Alveg frá Vesturbyggð og hingað norður eftir. Kollegar mínir fyrir sunnan sögðu við mig á sínum tíma, þegar ég var að opna hérna verkstæði og verslun, að þetta væri alveg dauðadæmt hjá mér á svona litlum markaði. Þetta fékk ég að heyra bæði hjá gullsmiðunum og sjóntækjafraeðingunum. En ég ákvað samt að blanda þessu tvennu saman og reyna. Og að minnsta kosti lifi ég enn! Annars er það svo misjafnt hverju fólk leitar eftir í lífinu. Ég vil hafa ánægju af starfinu, og það hefur mér vissulega tekist.“

– Sú var tíðin, að starfandi gullsmiðir á Ísafirði voru fjölmargir. Nú ertu ein á öllum Vestfirðum...

„Já, ég var einmitt að lesa um það fyrir stuttu, að það hefðu verið einir tíu starfandi hér samtímis, svo að það ætti að vera möguleiki fyrir einn! En við þurfum reyndar að vísa töluverðum verkefnum frá okkur. Ég hef verið beðin að smíða fyrir gallerí og verslanir fyrir sunnan, en ég hef einfaldlega ekki haft tíma til þess, af því að það er svo mikið að gera í þjónustunni í gleraugunum. Það er spurning hvort ég ætti ekki að fá lærdan gullsmið hingað til mín og reyna að senda eitthvað frá mér í verslanir fyrir sunnan. Ég held að það gæti verið grundvöllur fyrir því.“

Vildi fremur vera innilokuð við smiðarnar

– Er ekki meira gaman í gullsmiðunum en gleraugunum?

„Miklu skemmtilegra! Það er allt annað. Oft hefur hvarflað að mér að loka versluninni og hafa bara lítið gullsmiðaverkstæði og smíða eingöngu það sem mig langar til. Ef ég væri að byrja í dag, þá myndi ég gera það. Ég finn að það á miklu betur við mig að vera bara innilokuð í friði við smiðarnar og gleyma stað og stund.“

Íþróttasystkini

– Þið eruð nokkuð mörg, systkinin...

„Ég á fjóra bræður og eina hálf systur, sem pabbi átti áður, Laufeyju Torfadóttur, sem er verslunarmaður í Reykjavík. Ég hef mjög náið samband við hana. Elsti bróðir minn er Jóhann Króksnes Torfason, starfsmaður Íþróttahússins á Ísafirði. Næstur er Ómar, sem vinnur hjá VÍS. Svo kemur Örn, sem er í námi í sjóntækjafraeði í Danmörku. Yngstur er Gunnar Torfi, sjávarútvegsfraeðingur. Hann fluttist aftur heim frá Akureyri í vor



og starfar í Bolungarvík.“

– Öll ykkar systkinanna hafið stundað íþróttir með góðum árangri. Til dæmis var Ómar Torfason þekktur atvinnumaður í fótbolta erlendis á sínum tíma...

„Já, hann var atvinnumaður í Sviss og jafnframt í íslenska landsliðinu. Jói var í unglingslandliðinu og var nokkur ár í atvinnumennsku fótbolta í Husquarna í Svíþjóð. Hann var ákaflega kraftmikill. Og ég man ekki betur en Örn hafi líka verið í unglingslandliðinu. Ég spilaði aftur á móti handbolta í meistaraflokk með Þór á Akureyri og var síðan í kvennalandsliðinu í frjálsum íþróttum í nokkur ár og keppti í spjótkastrí. Ég þótti fremur skotföst í handboltanum og var beðin um að prófa að kasta spjóti. Ég hafði gaman af því, en ég var komin langt yfir tvítugt þegar ég byrjaði að æfa spjótkastrí. En ég lét íþróttirnar ekki taka of mikinn tíma frá mér. Ég stundaði þær bara með náminu og vinnunni. Ef fólk ætlar að ná einhverjum verulegum árangri í dag, þá verður það að vera hálfgerð atvinnu-mennska.“

Grunnskólinn á Ísafirði kemur þægilega á óvart

Guðjón Brjánsón á tvo syni. Sá eldri heitir Brjánn, 15 ára, og býr hjá föður sínum og Dýrfinnu í vetur. Yngri son-

ur Guðjóns heitir Hallur og er tíu ára. Brjánn er í 10. bekk Grunnskólans á Ísafirði en var að vinna í frystihúsi úti í Vík í sumar. „Hann fékk ekki vinnu hér á Ísafirði, svo að við keyrðum hann í vinnuna kl. hálfssjö á hverjum morgni og sóttum hann aftur á kvöldin“, segir Dýrfinna.

„Ég get ekki sagt að ég hafi haft nein kynni af grunnskólunum frá því ég var þar sjálf í gamla daga og þangað til Brjánn kom hingað til okkar. Það kemur mér alveg rosalega á óvart, hvað starfið innan grunnskólans er gott, því að mér finnst umræðan um hann alltaf hafa verið heldur á neikvæðu nótunum. Sem dæmi vil ég nefna, að núna í vikunni fór ég á ljóðakvöld hjá tíunda bekk. Þar fluttu nemendur frumsamin ljóð og mjög efnilegt tónlistarfólk kom þar fram. Einnig fluttu krakkarnir ljóð á dönsku, ensku og þýsku og serbókróatísku og túlkuðu þau á íslensku. Mér fannst alveg stórkostlegt hvað þetta var skemmtilegt og krakkarnir efnilegir. Ég hef nú ekki verið mikið fyrir ljóð, en þetta voru ljóð sem ég skildi! Það hefur komið mér þægilega á óvart, hvað skólinn er góður og bæði félagsstarfið og samstarfið við kennarana er gott. Maður er alltaf að lesa um að meðal-einkunnirnar hérna séu svo lágar, en ég held að það sé ekki síður heimilinum eða nemendunum sjálfum að

kenna. Ég var að minnsta kosti alin þannig upp, að þegar ég stóð mig ekki, þá var það mér sjálfri að kenna en ekki kennurunum. Við verðum að styðja krakkana í því sem þeir eru að gera í skólanum. Og við verðum að muna, að einkunnir eru ekki allt. Félagsstarfið skiptir ekki minna máli.

Sama gildir um íþróttastarfið. Það fer eftir fólkinu sjálfu hvemig gengur, en ekki þjálfaranum. Sjáðu bara körfuboltann. Fólk þarf að standa með liðsheildinni. Það sama er að gerast núna með BÍ. Fótboltinn hefur lengi átt erfitt uppdráttar hér á Ísafirði. Nú er foreldrastarfið í kringum fótboltann orðið ákaflega öflugt og ég hef mikla trú á þeim krökkum sem eru núna að koma fram í knattspyrnunni. Við verðum að vinna hlutina sjálf, en megum ekki ætlast til þess að fá allt upp í hendurnar.“

Búin að kaupa málaratröður

– Fæst þú við listsköpun á fleiri sviðum en í gullsmiðinni? Hvað fæstu við í tómsundum, núna þegar þú ert hætt í handboltanum og spjótkastrínu?

„Ég lærði svolítið í skrautmálun úti í Noregi og hef fengist nokkuð við hana“, segir Dýrfinna og sýnir undirrituðum skrautmálaða kistu í stofunni. „En ég hef haft lítið

tíma fyrir slíkt í seinni tíð. Svo hef ég gaman af því að sauma og yfirleitt hef ég gaman af öllu handverki. Núna er ég svo búin að kaupa mér tröður til þess að geta farið að mála. En ég veit ekki hvenær af því verður. Það er ekki komið svo langt. Þær eru ennþá úti í bílskúr. Kannski fer ég að mála þegar ég verð komin um fimmtugt. Það koma stundir einhvern tímann.“

En ég er ekki dugleg að lesa. Bóndinn sér alveg um þá hliðina. Hann er lestrarhestur. Við skiptum svolítið á milli okkar áhugamálunum. Hann er meira fyrir pennann og bækurnar en kemur ekki nálægt gullsmiðum!“

Möguleikarnir meiri fyrir sunnan?

– Heldurðu að þú ættir ekki meiri möguleika í gullsmiði og listsköpun í Reykjavík en hér í fámenninu fyrir vestan?

„Ég hef oft hugsað um það, bæði fyrir og síðar. Þar er markaðurinn miklu stærri og hérna þarf að hafa miklu meira fyrir hlutunum. Það tekur mörg ár að byggja upp fyrirtæki hér, vegna þess að fólk er svo fátt. Ég mundi hafa meira upp úr vinnu minni fyrir sunnan. En á móti kemur, að hér er svo margt annað sem er gott. Stórborgarbragurinn á ekkert vel við mig. Hér er ég upprunnin og hér er fólk mitt. Hér finnst mér mjög gott að vera. Því er þó ekki að neita, að undanfarið ár hefur verið dálítið neikvæður tónn í fólkinu hér fyrir vestan, enda höfum við gengið í gegnum ýmislegt, sem við þurfum að vinna okkur út úr. Mér finnst þörf á einhverri hugarfarsbreytingu á svæðinu. Oft er eins og menn fái ekki frið til að klára málin, eins og til dæmis í sambandi við sameiningarmálin hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum. Oft er eins og hérna séu menn fyrst og fremst að nýða skóinn hver af öðrum. Við þurfum að standa betur saman og vera jákvæðari. Þetta er lítið samfélag og við vitum hvert af öðru, stundum kannski of mikið. Þess vegna er eins og fólk fái ekki frið til þess að klára dæmin, sama hvort það er í rekstri fyrirtækja eða einhverju öðru.“

Vona að ég verði eins og pabbi þegar ég eldist

– Pabbi þinn er enn á rækjunni...

„Já. Hann er sjötugur, hörkuduglegur og starfar enn á fullu. Ég segi að hann eigi ennþá mikið eftir. Mér finnst hann vera eins og táningur. Ég vona að ég verði eins. Hann kemst fyrst og fremst áfram á því hvað hann er jákvæður. Hann hefur trú á því sem hann er að gera og trú á unga fólkinu sem er í kringum hann.“

– Ferðu enn á sjó með honum?

„Ég hef ekki farið í rækjutúr



Dýrfinna og fjölskylda. Frá vinstri: Brjánn Guðjónsson, Dýrfinna, Guðjón Brjánsson og Hallur Guðjónsson.

með honum lengi, en ég skrepp með honum í bátsferðir og skaktúra öðru hverju, en það er ekkert sem hægt er að tala um. Það þyrfti að vera miklu meira. Það sem ég sæki í hérna heima eru tengslin við upprunann. Svo má ekki gleyma því, að listalífið hér á Ísafirði er mjög blómlegt, tónlistarlífið, Slunkaríki, Edinborg... Miðað við þetta litla samfélag er ofboðslega mikil virkni hérna.“

Botninum náð???

– Það er kraftur í Vestfirðingum...

„Það er gert svolítið grín að mér fyrir það, en ég segi á hverju ári, að nú sé botninum náð og nú fari allt að ganga betur á ný. Mér finnst svo margt vera að gerast hérna. Ég hef alltaf trú á því sem

fólk er að gera hérna fyrir vestan og það er kannski það sem heldur manni gangandi. En mér líkar ekki hvað það er mikið um farandfólk sem starfar hérna. Sjómennirnir á togurunum búa í Reykjavík og maður sér heilu áhafnirnar inni á flugvelli á leiðinni heim eða að koma að heiman. Þarna finnst mér þurfa að verða dálítill hugarfarsbreyting. Það er eins og eiginkonurnar séu ekki alveg sáttar við að búa hérna. Þeim finnst of rólegt hér fyrir vestan.

Ég fer alltaf í Vesturbýggð nokkrum sinnum á ári. Mér finnst fólkið þar ákaflega dugandi og drífandi, en það er áberandi, að þeir sem eru þar í stjórnunarstörfum eru flestir með búsetu í Reykjavík. Ég er viss um að það er töluvert um slíkt hérna líka. Fólk er búsett í Reykjavík en

kemur hingað í vinnu og fer heim um helgar. Við getum ekki byggt upp samfélag með þessum hætti. Hvar borga þessir menn skatta og skyldur? Það er okkar, sem búum hér, að spyrna á móti þessari þróun. Eins er þetta með kaup á húsnæði. Þeir sem eru hér í ábyrgðarstöðum leggja fjármuni sína í kaup á húsnæði í Reykjavík en vilja ekki kaupa húsnæði hér. Það sem þarf hér er viðhorfsbreyting.

En ég er sjálf ekki að segja með þessu, að ég verði hér endilega alla ævi. Ég get fengið allskonar flugur í höfuðið, að fara hingað eða þangað, læra meira eða hver veit hvað. Ég er ennþá með slíkar flugur í höfðinu.“

Útgerðarstjóri eða bæjarstjóri?

– Kannski að fara í nám í málalari?

„Nei, ég hef ekki hugsað um það. Hins vegar hefur mér dottið í hug að fara í rekstrarfræði. Ég finn að það gæti átt vel við mig. Ég hef oft sagt að mig langaði til að verða útgerðarstjóri, nú eða bæjarstjóri! Vissulega höfum við hér góðan bæjarstjóra, en það er starf sem ég væri alveg tilbúin að takast á við. Gallinn er bara sá, að bæjarstjórnin ræður í rauninni alltof litlu. Hann er ekkert annað en leppur. Kannski væri best að hafa bara einn bæjarstjóra, einn framkvæmdastjóra, en enga bæjarstjórn!“ segir Dýrfinna Torfadóttir.

Hlynur Þór Magnússon.

Amar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Erum með til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Aðalfundur Hf. Djúpbátsins

Aðalfundur Hf. Djúpbátsins verður haldinn föstudaginn 14. nóvember kl. 16:00 á Hótel Ísafirði.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Hf. Djúpbáturinn.



Ísafjarðarkirkja

Fræðslumorgunn verður næstkomandi sunnudag, 2. nóvember. Þá mun sr. Gunnar Björnsson flytja erindi um trú og tónlist. Fyrirlesturinn hefst kl. 10:00. Messa og altarisganga kl. 11:00.

Miðvikudaginn 5. nóvember heldur sr. Magnús Erlingsson erindi um trú og bænarlíf. Námskeiðið er í Safnaðarheimilinu og hefst kl. 20:30.

Ísafjarðarsókn.



SKÓHORNID

SKÓVERSLUN

Aðalstræti 24 • Sími 456 4323

Ökklaháir úr leðri Stærðir 35-39

Kosningar og þjóðareign

Um síðustu helgi voru tveir fundir í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Sá fyrri var á vegum félags lögfræðinga á Vestfjörðum. Hinn síðari var á vegum samtaka um þjóðareign. Til þess að gera langa sögu stutta, fluttu Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrum utanríkisráðherra og verðandi sendiherra, og Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður og nú kollegi fyrrum skólameistara og læriföður síns á Alþingi, framsögu um breytingu á kjördæmaskipun á Íslandi. Fundurinn var hinn skemmtilegasti og boðskapur kennarans og nemandans hinn fróðlegasti. Að vísu voru þeir ekki sammála, en kom ekki að sök. Ljóst er þó, að breyta þarf kjördæmaskipulagi og taka tillit til þess að jafnræði verður að vera með Íslendingum þegar kosið er. Ójafnadrinn á einu sviði verður ekki leystur með því að færa hann út í kosningaskipulag og halda honum þar.

Kjördæmaskipun

Jón Baldvin lagði til að landið yrði eitt kjördæmi. Einar taldi það ekki heppilegt. Báðir hafa nokkuð til síns máls. Auk þess heyrðust raddir um að fækka þingmönnum verulega og hafa einmenningskjördæmi. Öllum var sjáanlega sama þótt þingmönnum Vestfirðinga fækkaði. Þingmannafjöldi hefði ekki gangast kjördæminu. Þessi skoðun var hin athyglisverðasta, ekki síst með tilliti til fundarins um þjóðareignina daginn eftir.

Alþingi á að setja lög, en því miður var sá grunur staðfestur af Jóni Baldvini að almennt leiddist þingmönnum mikið að vera bara þingmenn. Helst vildu þeir komast að kjörtölunum, bankaráðum og ráðherradómi og geta þannig deilt út lífsgæðunum. Jón sagði einnig að núverandi kosningaskipun væri arfur rangláts 19. aldar fyrirkomulags, sem hefði skipt kjörfylgi upp milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

EKKI var Einar Kristinn sammála gamla kennaranum sínum í þessum efnum, taldi að vísu þörf breytinga. Þó vildi hann ekki taka upp eitt kjördæmi.

Íslendingar eru aðeins um 270 þúsund og kjósendur rúmlega 190 þúsund. Núverandi kjördæmafyrirkomulag er gengið sér húðar. Hvað kemur í staðinn veit enginn. En hugmynd Jóns Baldvins um sérstakt stjórnlagaþing, sem alþingismenn eiga ekki seturétt á, er allar athygli verð. Stjórnlagaþingi myndi setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá og þá með breyttri kosningaskipun.

Óveiddi fiskurinn

Fundurinn á sunnudeginum var mun fjölsóttari, en sá deginum áður. Umræðuefnið snertir greinilega réttlætiskennnd fleiri. Rúmlega fjórum sinnum stærri hópur mætti eða 110 manns. Þar afgengu 86 í nýju samtökin um þjóðareignina, óveidda þorskinn í sjónum. Engum þarf að koma það á óvart að fólkið, sem stendur næst vandanum, sjómönnum og landverkafólki í fiski, ofbjóði að sjá örfáa einstaklinga bólga út, eða minnsta kosti veski þeirra og bankabækur. Á meðan dregur úr allri vinnu í landi og þeir sem selja kvótann, sem enn er kallaður sameign þjóðarinnar í lögum, flytja með peningana sína til Reykjavíkur og koma sér þar fyrir í vellystingum.

Kannski er furðulegast að fólk skuli ekki hafa æst sig meira og fyrr yfir þessum staðreyndum, sem hafa gert það að verkum að meira að segja Vestfirðingum er orðið sama um kosningafyrirkomulagið og virðast helst vilja hafa sem fæsta þingmenn. Um það ættu alþingismenn Vestfirðinga að hugsa fyrir næstu kosningar og bæjarstjórn Ísafjarðar, sem finnst það eðlilegasti hlutur í heimi að bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ sé stjórnarformaður stærsta séreiganda að sameigninni, Samherja h.f. á Akureyri. Maðurinn er vænn á báðum vígstöðvum, en aðeins á annarri í einu. Annað hvort er hann bæjarstjóri á Ísafirði eða stjórnarformaður Samherja. Að hafa tvö andlit í þessu tilfelli gengur ekki. Hvoru megin liggur sálin ef á reynir?

Þegar þetta er haft í huga verður manni óneitanlega á að hlæja, en tveir bæjarfulltrúar á Ísafirði, Kolbrún Halldórsdóttir og Þorstein Jóhannesson, eru stofnendur nýju samtakanna.

Hagsmunapot

Það er vissulega erfitt að vera sjálfum sér samkvæmur þegar miklir hagsmunir og þrungnar tilfinningar eru í húfi. Ekki er verið að efast um heilindi bæjarfulltrúanna. Þeim hefur sennilega yfirsést að í stórmáli sem þessu verða menn að vera sjálfum sér fullkomlega samkvæmir. Sama gildir einnig um Valdimar Jóhannesson, sem mun hafa staðið í málaferlum við ríkið vegna veidiréttar. Er samtökin marktæk eða hópur þeirra, sem er fúll yfir því að hafa ekki náð sínum skerfi og kannski gott betur í sameigninni?

-Stakkur.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu eru fjögur negld **BF Goodrich jeppadekk**, Stærð: 32" X 11,50 R15LT. Aðeins hefur verið ekið á þeim í einn vetur. Allar nánari upplýsingar veitir Sigurjón í síma 456 4277 á kvöldin.

Til sölu er **Honda Civic** árg. 88. Bílinn er í góðu lagi og er til sýnis hjá Bílatanga. Upplýsingar í síma 456 6260. Hjálmar.

Til sölu eru mjög lítið notuð, negld, Hankook **jeppadekk** á krómfelgum (5 gata). Stærð: LT 235/75 R15 (undan Bronco). Upplýsingar í síma 456 4305.

Til sölu eða leigu er nýuppgerð 3ja herb. blokkaríbúð á Ísafirði. Nánari upplýsingar í síma 894 0975.

Halló! Til sölu er 1,5 tonna **bátur** sem þarfnast lagfæringa auk ýmissa smáhluta fyrir útgerð. Á sama stað óskast „sóló“ **eldavél**. Upplýsingar gefur Ragnar í síma 456 4340 eða 892 0660 eftir kl. 19.

Til leigu er **3ja herberja** íbúð á Ísafirði. Leigist frá 1. nóvember. Upplýsingar í síma 564 5045.

Bingó! 5. flokkur BÍ heldur bingó í sal Grunnskóla Ísafjarðar laugardaginn 1. nóvember kl. 15. Veglegir vinningar.

Til sölu er Artic Cat Vougar **vélsleði**, árg. 1987. Verð kr. 60.000. Upplýsingar í síma 456 7507.

Innanhúsmót BÍ '88 fyrir 4.-5.-6.-7. og 8. flokk drengja og stúlkna verður haldið í íþróttahúsinu á Torfnesi dagana 22. og 23. nóvember. Nánar auglýst síðar.

Til sölu er **hjónarúm**. Selst á góðu verði. Upplýsingar í síma 456 4372.

Til sölu er **þvottavél, hjónarúm** úr við með nýjum springdýnum, stórt skrifborð, bókahilla, sjónvarpsborð og glerborð. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 8232.

Óska eftir **hamstri**, helst gefins eða á vægu verði. Upplýsingar gefur Valdis María í síma 456 4428.

Til sölu er vel með farinn Silver Cross **barnavagn**. Verð kr. 12.000. Upplýsingar í síma 456 4585.

Mig sárvantar **ryksugu** og **sjónvarpstæki**, helst gefins. Upplýsingar gefur Jón í síma 456 3335 eftir kl. 17.

Til sölu er fallett bleikt **járnrum**. Stærð: 65X135 sm. Verð með dýnu kr. 5.000. Upplýsingar í síma 456 4124.

Til sölu er **MMC Pajero**, stuttur, árg. 1988. Upplýsingar í síma 456 3259.

Óska eftir **barnavagni**, skiptiborði og bílstól. Upp-

lýsingar í síma 456 4842 eftir kl. 19.

Páfagaukar fást gefins í síma 456 3214.

Til sölu er Skidoo Safari **vélsleði**, árg. 1992 (40hp) í skiptum fyrir stærri vélsleða (55-60 hp). Upplýsingar í síma 456 7741 á kvöldin.

Til sölu er **Nissan Patrol** Picup, 6 cyl, bensín, árg. 1991. Ekinn 110 þús. km. Upplýsingar í símu 456 7089 og 436 1565.

Hundaeigendur athugið! Aætlað er að halda **hlýðni-námskeið** fyrir hvölpur í nóvember. Upplýsingar og skráning í síma 456 5393.

Til sölu eða leigu er Hjallabyggð 9 á Suðureyri. Upplýsingar í símu 567 6217 og 897 6183.

Svörtum og hvítum FILLA skóm var **stolið** á íþróttahátíðinni í Bolungarvík sl., laugardag. Í skónum voru skræppt innlegg. Ef skórnir finnast, þá vinsamlegast hafið samband við Svandísi í síma 456 5104.

Til sölu er **3ja herbergja** íbúð að Stórholti 13 á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 4681.

Til sölu eru fjögur 33" negld Hankook **jeppadekk**. Dekkin eru á hvítum breikkuðum, 6 gata, Whitespoke felgum. Passa vel á Toyota jeppa. Upplýsingar í síma 456 3217.

Óska eftir **barnabílastól** fyrir 9-18 kg. Upplýsingar í síma 456 4526.

Falleg 2ja herbergja **íbúð til sölu að Stigahlíð 2**, Bolungarvík. Nýtt parket á gólfum. Áhvilandi 500.000 króna húsnæðislán. Verð kr. ein milljón. Upplýsingar í síma 456 3748

Til sölu Grundig sjónvarpstæki, rafmagnsorgel, barskápur með frystihólf og rúm. Upplýsingar í síma 456 3748

Til sölu **Lancer 4X4 '87** - skemmdur eftir árekstur. Upplýsingar í síma 456 4095 og 456 4123

Til sölu tvær ljósavélar, Lister 4kw og Petter 7,5kw. Upplýsingar í síma 456 4201.

Til sölu er antik **borðstofuborð** og sex stólar. Upplýsingar í síma 456 6183.



Til sölu er einbýlishúsið að **Móholti 9, Ísafirði**, sem er 160m² auk 50m² bílskúrs. Skipti möguleg á ódýrara. Laus fljótlega. Upplýsingar í síma 456 3629.

Bjóða vestfirskir matsölustaðir ekki upp á fisk?

Bubbi fékk aðeins hal og pítsur á tónleikafer

Í Degi í síðustu viku greinir frá því að Bubbi Morthens hafi nýlengi tónleikaferðalagi um Vestfirði. Rætt er við Bubba af því tilefni sem kvartar yfir vestfirskum vegum og segir þá hina verstu sem hann hafi lent í á ferðalögum sínum um landið í 17 ár.

Einnig kom fiskleysi vestfirskra matsölustaða Bubba illilega á óvart en hann neyddist til að borða hamborgara og pítsur á svæði sem lifir og hrærist í fiski. Undantekning frá þessu var þó Hótel Ísafjörður þar sem hægt var að fá „ýsu á uppsprengdu verði“, eins og segir í blaðinu.

„Skýringin á þessu ástandi er ekki einleikin nema ef vera skyldi að heimamenn vilji ekki fisk þegar þeir fara út að borða. Hinsvegar kann fiskleysi að stafa af ótíð á miðum heimamanna eða að framboð af ýsu og öðrum óhefðbund-

um matfiskum sé það lítið að matsölustaðirnir geta ekki keppt við aðra kaupendur á fiskmörkuðum,“ hefur Dagur eftir Bubba.

Misskilningur í Bubba segja kokkarnir

BB hafði samband við Eggert Edwald og Zophanias Arnason, matreiðslumeistara á Hótel Ísafirði og spurði þá um ástæður fiskleysisins.

„Þetta er auðvitað bara misskilningur í manninum. Við erum alltaf með tvo fiskrétti á matseðli dagsins, auk fjölda fiskréttanna á la carte seðlinum. Bubbi hefði átt að fletta matseðlinum betur og þá hefði hann örugglega fundið það sem hann leitaði að. Þó gæti lesblindu Bubba verið um að kenna, en við hefðum glaðir bent honum á fiskinn hefði



Bubbi Morthens og Þorlákur Kristinsson slappa af milli tónleika sem Bubbi hélt á Vestfjörðum á síðasta ári.

hann borið sig eftir hjálpinni,“ sögðu kokkarnir.

Umbeðnir töldu þeir upp nokkra rétti af matseðlinum: „Pönnusteikt smálúða með grænmeti og rjómasósu, steikt ýsa með ítalskri tómatsósu, pönnusteiktur skötuselur með smokkfiski í pastilsósu og piparsteikt smálúða með léttri piparsósu. Síðan eru 3-4 aðalréttir á la carte seðlinum auk fjölda fiskforréttanna.“

- En hvað með verðið. Er

það uppsprengt?

„Fiskur er orðinn dýrt hráefni miðað við það sem áður var. Kílóíð af ýsu er sennilega á um 600-700 krónur, en það er ekkert ódýrara annars staðar. Þú færð t.d. ekki ódýrari fisk í Reykjavík, nema þá kannski á einhverjum Kínastöðum. Í hádeginu hjá okkur er hægt að fá t.d. súpu, fisk og kaffi á 990 krónur og pasta-hlaðborð á föstudögum, þar sem fiskur er meðal rétta,

Benedikt Kristjánsson kaupmaður í Vöruvali skrifar

Athugasemd vegna skrifa Aðalheiðar Steinsdóttur

Í síðasta blaði BB ritar starfsmaður Neytendafélags Vestfjarða athugasemdir vegna ummæla minna um verðkönnun sem tekin var 30. september sl. Þar tíundar hún að það segi sína sögu að það skuli alltaf vera sami kaupmaðurinn sem kveinki sér um niðurstöður verðkannanna og lætur í veðri vaka að ég sé sá eini sem það geri. Hún vitnar til þess að ég sé formaður Kaupmannasamtaka Íslands. Það vissi hún og það er þess vegna sem ég geri það.

Ég hef lagt í það mikla vinnu og eitt umtalsverðum tíma í að fá Neytendasamtök Íslands til þess að tileinka sér fagleg og traust vinnubrögð við verðkannanir. Í því sambandi stóð ég fyrir því að fá formann og framkvæmdastjóra Neytendasamtaka Íslands ásamt forsvarsmönnum stærstu verslanakeðja á höfuðborgarsvæðinu, frá Hagkaup, frá 10-11 búðunum, frá Nóatúnsbúðunum, frá Fjarðarkaup, þinni verslun og kaupfélögunum, til þess að fá sam-

tök neytenda til þess að ræða um framkvæmd verðkannanna. Í þetta fóru margir fundir og að lokum settu Neytendasamtök Íslands sér ákveðnar vinnureglur sem studdar voru að þeim aðilum sem vitnað er til hér að framan.

Hingað til hefur ekki verið unnið skammlaust eftir þessum vinnureglum, kannski fyrst og fremst vegna þess að Neytendasamtökin loga í innbyrðis deilum sem er slæmt fyrir þau og neytendur. Reyndar er ég hundleiður á því að vera að karpa um verðkannanir en á meðan ég er í forsvari fyrir kaupmenn í landinu og Neytendasamtökin vinna þessar verðkannanir ekki skammlaust, er alveg ljóst að um þær mun ég fjalla. Neytendasamtökin geta með röngum og villandi vinnubrögðum, unnið meira tjón en gagn. Þau geta ekki einu sinni leyft sér að gera mannleg mistök en svo kys framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna að nefna þessa síðustu verðkönnun þeirra. Þess vegna er það krafa



Benedikt Kristjánsson.

verslunarinnar í landinu að Neytendasamtökin verða að koma þannig fram í verkum sínum að þau veki ekki tortryggni, hvorki neytenda né verslunarinnar.

Hvort sem Aðalheiði líkar betur eða verr, mun ég sem formaður samtaka kaupmanna fjalla um verðkannanir og skiptir þá engu hvort þær séu mér sem kaupmanni á Ísafirði hagstæðar eða ekki. Vil ég benda henni á grein sem mun birtast í Morgunblaðinu um þetta efni næstu daga. Hvað varðar fjárfestingar

Verkalýðsfélagsins Baldurs sem hún lýsir í grein sinni er hennar mál og félagsins og kemur mér ekki við að öðru leyti en því, að ég er þeirrar skoðunar að með þeim gjömingi sem hún lýsir, get ég ekki litið á hana sem óhlutdræga stöðu sinnar vegna. Í ljósi reynslunnar ætti hún að vera meðvituð um að það kann ekki góðri lukku að stýra að vera báðum megin við borðið. Athugasemdir mínar beinast ekki á nokkurn hátt að þeim aðilum sem reka verslanir Samkaups, heldur fyrst og fremst sem hér er lýst að framan.

Við verðtöku í verðkönnunum hefur komið fyrir að verð eru röng. Þá hefur verið hægt að leiðrétta þær þannig að verð verslunarinnar eru rétt og staðfest af viðkomandi verslunarstjóra. Þetta var ekki gert í þetta sinn. Hins vegar bað Aðalheiður um að fá að taka verð, en lét ekki kvitta fyrir að verðtökunni lokinni.

Benedikt Kristjánsson.

Erum-Mynd

Sólgata 11 • 400 Ísafirði
Sími 456 5091

TILBOÐ

Gervihnattadiskur með móttakara, afruglara og LNB aðeins 79.900,- stgr

ÚTSALA

Celine Dion 999,- Live 1.499,-, OP8 1.499- Tom Waits 999,- ofl.

Erum með nýju línuna frá Aiwa, ótrúlegt verð!

Allir nýjustu geisladiskarnir

Björk, Megaslög, Mono, Sarah Maclachlan, Sweet 75, Slade, Alcoholics, Lori Carson, Forest For The Trees, PPönk, Mommyheads, Verve.

Gítarstrengir, bassastrengir, trommukjuda, snúrur og hljóðfæri.

Leigum út aðstöðu til að klippa og hljóðsetja video.

Sony 29" Nicam stereo sjónvarp Aðeins 99.900 stgr.-
Panasonic NV-HD620 Hi-Fi Stereo Aðeins 59.900 stgr.-

mborgara ðalagi sínu

kostar 950 krónur. Það er því varla hægt að tala um uppsprengd verð.

En talandi um verð, þá fór ég á tónleika með Bubba hérna á Ísafirði um daginn og borgaði 1.500 krónur fyrir að hlusta á hann rífast við fylli-

byttur. Hann er fín þegar hann spilar, en hann spilaði rosalega lítið og var í þess stað að munnhöggvast við einhverja í salnum. Það var alls ekkert gaman að því," segir Zophanias.

Að sögn þeirra félaga borða



Matreiðslumeistararnir á Hótel Ísafirði, Eggert Edwald og Zophanias Árnason.


Vestfirðingar ekki síður fisk en aðrir landsmenn. Mikið sé borðað af fiski í hádeginu á hótelinu, en kannski minna á

kvöldin þegar menn fari gjarnan fínna út að borða og fái sér kjöt í aðalrétt en fisk í forrétt. Þeir segjast alls ekkert sárir

Bubba fyrir ummælin um fiskleysið, og vonast til að hann taki gagnrýni þeirra á hann ekki það alvarlega að hann

neyði þá til að matreiða boxhanskana sína næst þegar hann kemur vestur.

Atli Kristinsson frá Ísafirði hefur verið valinn í 28 manna ladslíðshóp undir 16 ára í knattspyrnu.



Ísafjörður - Bolungarvík

Tveir í U-16 landsliðið

Tveir piltar, Atli Kristinsson frá Ísafirði og Karvel Pálmason frá Bolungarvík, hafa verið valdir í 28 manna knattspyrnulandsliðshóp unglunga undir 16 ára aldri. Piltarnir voru valdir í hópinn eftir úrtökumót sem haldið var á vegum KSÍ í Höfn í Hornafirði í

ágúst. Endanlegt val í landsliðið fer fram eftir næstu áramót.

Atli lék með 3. flokki BÍ í Íslandsmótinu í sumar og lenti liðið í öðru sæti í sínum riðli. Hann hóf að leika knattspyrnu í Hrótafirði, en hann fluttist þaðan til Ísafjarðar ásamt fjöl-

skyldu sinni fyrir þremur árum.

„Mér finnst allt í lagi með fótboltann á Ísafirði. Meistaraflokkurinn mætti þó vera betri. Það vantar fleiri leikmenn, en strákarirnir flytja alltaf í burtu þegar þeir fara í framhaldsnám," sagði Atli.



Hópurinn samankominn í Studio Dan ásamt þjálfara sínum.

Allir á toppinn

Alpagreinakeppnislið Skíðafélags Ísafjarðar gekk á Everestfjall á laugardaginn, en ferðin hófst í Studio Dan kl. 8:15 um morguninn og lauk á sama stað kl. 18:15 um kvöldið.

Að sögn Hafsteins Sigurðssonar, þjálfara liðsins, klifu ungmenninn fimm í liðinu hvert og eitt samtals 8.848 metra í klifurvélum Studio Dan, en það er samsvarendi vegalengdinni sem Everestfararnir íslensku fóru í leiðangri sínum á fjallið. Tilgangurinn með þrekrauninni var að safna með áheitu fyrir farareyri liðsins til Noregs.



Bolvísku strákarnir horfa hér á leik Ísfirðinga og Stranda-manna í handbolta.

Íþróttahátíð GB

Sigurlaunum deilt

Árleg Íþróttahátíð Grunnskólans í Bolungarvík var haldin á laugardag, en skólinn býður öllum grunnskólum á Vestfjörðum til keppni í margvíslegum íþróttagreinum. Allir skólar mættu til leiks utan skólans á Patreksfirði sem tilkynnti forföll á föstudagskvöldinu. Talið er að samtals hafi um 300 börn og unglingar sótt Íþróttahátíðina að þessu sinni.

Keppni hófst kl. 9 á laugardagsmorgun og var keppt í fótbolta, körfubolta, handbolta, skák, borðtennis og sundi. Fjöldi manns fylgdist með og var spennan oft nánast óbærileg þegar liðin áttust við. Í handbolta stráka áttust t.d. lið Bolungarvíkur og Ísafjarðar við í úrslitum og höfðu Bolvíkingar sigur eftir spennandi leik.

Bolvíkingar hafa verið sigurvegarar Íþróttahátíðarinnar frá upphafi, en það er heildarstigafjöldi úr öllum íþróttagreinunum sem sker úr um það. Að þessu sinni var keppnin óvenju jöfn og spennandi og lyktaði henni með jafntefli því Bolvíkingar og Ísfirðingar urðu jafnir að stigum. Farandbikarinn verður því næsta hálf árið á Ísafirði og fer að því loknu „heim“ til Bolungarvíkur.

Um kvöldið skemmtu gestir og gestgjafar sér saman á balli í Víkurbæ, þar sem fram komu hljómsveitimar Niðurgangur, sem er skólahljómsveit Grunnskóla Ísafjarðar og Skítamóráll, en hljómsveitin var á ferð á Ísafirði um helgina og féllst á að leika um stund fyrir krakkana í Bolungarvík.



ATR-42-300 heitir skrúfupota Íslandsflugs sem notuð er á flugleiðinni Ísafjörður - Reykjavík. Þessi fjölhæfa skrúfupota er búin fullkomnum jafnþrýstibúnaði sem lætur alla 46 farþegana njóta flugsins út í ystu æsar. Hreyflar þotunnar eru tveir, af gerðinni Pratt & Whitney Canada PW 120. Hvor um sig er 1800 hestöfl og flughraði 500 km/h.

Daglegt flug:


Verð kr. 3.600,- aðra leið og kr. 6.900,- báðar leiðir

Pakkaverð Flug & Hótel

Hótel Loftleiðir kr. 9.100,- Aukanótt kr. 2.200,-
Hótel Saga kr. 9.950,- Aukanótt kr. 3.050,-
City Hótel kr. 8.600,- Aukanótt kr. 1.700,-
Hótel Ísland kr. 9.950,- Aukanótt kr. 3.050,-
Hótel Lind kr. 8.900,- Aukanótt kr. 3.150,-

Innifalið í pakkaverði er: Flug fram og til baka, flugvallarskattur og morgunmatur. Ath! Öll verð miðast við eina nótt í tveggja manna herbergi.

Auk þess pakkaverð Bílaleigubíla frá Bílaleigu Akureyrar



ÍSLANDSFLUG

Ísafirði, sími 456 4150



Edda Erlendsdóttir, píanóleikari.

Edda Erlendsdóttir spilar í sal Frímúrara á Ísafirði

Verk eftir Haydn, Schubert og Tchaikovsky á dagskrá

Edda Erlendsdóttir, píanóleikari, heldur tónleika í sal Frímúrara á Ísafirði í kvöld, miðvikudag, kl. 20:30. Á tónleikumunum spilar hún verk eftir Haydn, Schubert og Tchaikovsky. Edda er fædd í Reykjavík. Hún stundaði nám hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík, m.a. hjá Árna Kristjánssyni. Hún lauk einleikaraprófi árið 1973 en

hafði ári fyrir lokið píanó-kennaraprófi. Hún stundaði nám við Tónlistarháskólann í París, m.a. hjá Pierre Sancan og lauk þaðan prófi árið 1978. Edda hefur haldið fjölmarga tónleika og tekið þátt í tónlistarháttíðum víða um heim. Hún hefur leikið með hljómsveit m.a. undir stjórn Leif Segerstam og Larry Newland og nú

siðast með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Petri Sakari. Edda hefur gert fjölda upptökur, bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp og leikið inn á plötu verk eftir Schubert, Schönberg og Alban Berg. Árið 1991 kom út hjá Skifunni geisladiskur þar sem hún leikur verk eftir C.P.E. Bach.

Íbúð til sölu

Vegna náms á framandi slóðum er íbúð okkar að Pólgötu 6, nú til sölu á kostakjörum. Íbúðin er 3ja herbergja, nýuppgerð í hjarta bæjarins. Útborgun við afhendingu er kr. 500.000. Afborgun eftir sex mánuði er kr. 500.000. Vaxtalaust lán



í 2 1/2 ár með jöfnum mánaðarlegum afborg-

unum, kr. 1.100.000. Yfirtaka húsbrefa kr. 1.100.000.

Nánari upplýsingar í síma 456 8232.

Kveðja, Hrafnhildur og Bjarki.

Meirapróf

Þeir sem áhuga hafa á meiraprófi (vörubifreið fyrir 5 smálestir eða meira, rútupróf, leigubifreið) eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Össur í síma (fax) 456 4365 sem fyrst.

Skíðasvæðið á Seljalandsdal

Áfangi að bættri aðstöðu

Á föstudag var lokið við vegagerð á skíðasvæðinu á Seljalandsdal, sem er fyrsti hluti af þremur sem á að klára samkvæmt skipulagi um vegagerð á dalnum. Vegarspottinn sem kláraður var

á föstudag er frá staði gömlu lyftunnar og inn að núverandi lyftu. Með tilkomu vegarins er hægt að aka inn á bílstæðið við nýju lyftuna, stíga þar á skíði og halda beint í lyftuna. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

lagði til fjármagn til framkvæmdarinnar en Vegagerðin á Ísafirði með Gísla Eiríksson, forstöðumann í fararbroddi, lagði málinu ómetanlegt lið ásamt Þresti Jóhannessyni og Jóni Veturliðasyni.



Hinn nýi vegarspottinn á Seljalandsdal.



Helgardagskráin



Helgarveðrið



Helgarsportíð



FIMMTUDAGUR

- 16.45 Leiðarljós (756)
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Auglýsingatími
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Undrabarnið Alex (1:13)
Myndaflokkur um 13 ára stúlku sem býr yfir undravörðum hæfileikum.
- 19.00 Úr ríki náttúrunnar
Breskur fræðslumyndaflokkur.
- 19.30 Íþróttir 1/2 8
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.30 Dagsljós
- 21.05 Saga Norðurlanda (6:10)
Hernaður og verslun á Eystrasalti
- 21.35 ...þetta helst
Spurningaleikur með hliðsjón af atburðum liðandi stundar.
- 22.05 Ráðgátur (6:17)
Atriði í þættinum kunna að vekja óhug barna.
- 23.00 Ellefufréttir
- 23.15 Króm
- 23.40 Dagskrárlök

FÖSTUDAGUR

- 16.45 Leiðarljós (757)
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Auglýsingatími
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Þytur í laufi (15:65)
- 18.30 Fjör á fjölbraut (37:39)


- 19.30 Íþróttir 1/2 8
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Dagsljós
- 21.10 Ríkiserfinginn
Bandarísk gamanmynd frá 1991 um lúðalegan skemmtikraft í Las Vegas sem reynist vera einkaerfingi bresku krúnunnar eftir að konungsfjölskyldan ferst öll á einu bretti.
- 22.50 Glæpahringur (6:9)
- 23.40 Nöðru-aðgerðin
Dönsk spennmynd frá 1995. Þrjú ungrir menn reyna að koma í veg fyrir að hryðjuverkamönnum takist að myrða utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi
- 01.10 Ráðgátur (6:17)
- 1.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

LAUGARDAGUR

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.35 Viðskiptahornið
- 10.50 Þingsjá
- 11.15 Hlé
- 13.20 Þýska knattspyrnan
Bein útsending frá leik í fyrstu deild.
- 15.30 Íþróttabátturinn
- 16.00 Leikur vikunnar
Bein útsending frá leik í Nissan-deildinni í handbolta.
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Dýrin tala (7:39)
- 18.25 Fimm frækin (7:13)
- 18.50 Hvuttí (8:17)
- 19.20 Króm
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Lottó
- 20.45 Stöðvarvík
- 21.15 Buck frændi
Bandarísk gamanmynd frá 1989.
- 23.00 Fjötrar
Þýsk spennmynd frá 1995. Ung tónlistarkona lendir í lífshættu þegar eiginmaður hennar kemst að því að hún hefur haldið fram hjá honum.
- 00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SUNNUDAGUR

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.45 Hlé
- 12.00 Markaregn
Sýnd verða mörkin úr leikjum gær-dagsins í þýsku knattspyrnunni.
- Endursýnt kl. 23.40 í kvöld.
- 13.00 Ól er innri maður
Heimildarmynd um gerð dönsku
- 13.55 Á drekaveiðum
- 14.50 Háttíðartónleikar með James Levine
Í fyrra voru liðin 25 ár síðan hljómsveitarstjórinn James Levine þreytti frumraun sína í Metropolitanóperunni í New York. Af því tilefni voru haldnir þessir hátíðartónleikar þar sem fram komu m.a. Plácido Domingo, Jessye Norman, Angela Gheorghiu, Kiril Te Kanawa, Birgit Nilsson, Catherine Malfitano, Ileana Cotrubas og Samuel Ramey.
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Hvað er í matinn?
- 18.40 Rauðka
Tékknesk barnamynd.
- 19.00 Í blíðu og stríðu (12:13)
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.30 Sunnudagsleikhúsið
Aðeins einn: Flökkuslímhúð
Aðeins einn er þriggja þátta röð sem fjallar um þrjár vinkonur sem reka gríska kauffíhúsið Klítemnestru í Reykjavík.
- 20.55 Friðlýst svæði og náttúruminjar
Asbyrgi og Jökulsárgljúfur
- 21.10 Landsleikur í handbolta
Sýndur verður seinni hálfleikur leiks Íslendinga og Lítháa í undankeppni Evrópumóts landsliða í Laugardalshöll.
- 22.00 Landamærin
Ítölsk bímynd frá 1995. Ítalskur hermaður fer til hressingardvalar á eyju undan strönd Dalmatíu í seinna stríði.
- 23.40 Markaregn
Endurtekinn þáttur frá því fyrr um daginn.
- 00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlök



FIMMTUDAGUR

- 16.45 Leiðarljós (756)
Bandarískur myndaflokkur.
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Auglýsingatími
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Stundin okkar
- 18.30 Undrabarnið Alex
- 19.00 Úr ríki náttúrunnar
- 19.30 Íþróttir 1/2 8
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.30 Dagsljós
- 21.05 Saga Norðurlanda
- 21.35 ...þetta helst
Spurningaleikur með hliðsjón af atburðum liðandi stundar.
- 22.05 Ráðgátur (6:17)
Atriði í þættinum kunna að vekja óhug barna.
- 23.00 Ellefufréttir
- 23.15 Króm
- 23.40 Dagskrárlök

FÖSTUDAGUR

- 16.45 Leiðarljós (757)
- 17.30 Fréttir
- 17.35 Auglýsingatími
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Þytur í laufi (15:65)
- 18.30 Fjör á fjölbraut (37:39)
- 19.30 Íþróttir 1/2 8
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Dagsljós

- 21.10 Ríkiserfinginn
Bandarísk gamanmynd frá 1991 um lúðalegan skemmtikraft í Las Vegas sem reynist vera einkaerfingi bresku krúnunnar eftir að konungsfjölskyldan ferst öll á einu bretti.
- 22.50 Glæpahringur (6:9)
- 23.40 Nöðru-aðgerðin
- 01.10 Ráðgátur (6:17)
- 1.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

LAUGARDAGUR

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.35 Viðskiptahornið
- 10.50 Þingsjá
- 11.15 Hlé
- 13.20 Þýska knattspyrnan
Bein útsending frá leik í fyrstu deild.
- 15.30 Íþróttabátturinn
- 16.00 Leikur vikunnar
Bein útsending frá leik í Nissan-deildinni í handbolta.
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Dýrin tala (7:39)
Endursýning.
- 18.25 Fimm frækin (7:13)
- 18.50 Hvuttí (8:17)
- 19.20 Króm
- 19.50 Veður
- 20.00 Fréttir
- 20.35 Lottó
- 20.45 Stöðvarvík
- 21.15 Buck frændi
Bandarísk gamanmynd frá 1989. Einhleypingur tekur að sér að geta barna bróður síns í nokkra daga og kemst að því að það er ekki tekið út með sældinni.
- 23.00 Fjötrar
Þýsk spennmynd frá 1995. Ung tónlistarkona lendir í lífshættu þegar eiginmaður hennar kemst að því að hún hefur haldið fram hjá honum.
- 00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SUNNUDAGUR

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 10.45 Hlé
- 12.00 Markaregn
Sýnd verða mörkin úr leikjum gær-

UM HELGINA



DISKÓTEK

FÖSTUDAGS- OG LAUGARDAGSKVÖLD

Félagsheimilið í Hnífsdal BÍLSTJÓRABALLIÐ

er á laugardagskvöld

SÆGREIFARNIR

skemmta **18 ár**



Nýtt
símanúmer
755 6767
Gamla númerið
gildir áfram

Munið
heimsendingar-
þjónustuna

ÍSAFJARÐARBÍÓ



LOST HIGHWAY
Sýnd fimmtudag
og föstudag kl. 21.



NOTHING TO LOSE
Sýnd sunnudag kl.
22 og mánud. kl. 21
ATH!

Okkur vantar áben-
dingar um fallegar
stúlkur sem gætu
komið til greina sem
keppendur í Fegurð-
arsamkeppni Vestf-
jarða 1998. Stúlkurn-
ar þurfa að vera að
lágmarki 170 cm á
hæð og vera orðnar
17 ára. Ábenningum
skal komið á framfæri
við Helgu í s. 456-
5333 og Pálfríði í s.
456-5326

Ert þú að leita að spennumúsíkansögugamandramahryllingsfræðsluævintýravísandabarnateiknimynd?



Opnunartími í Vídeóhöllinni

Frá kl. 16:00 til kl. 19:00
og frá kl. 20:00 til kl. 23:30
alla daga

Verð á myndböndum:

Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)
Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3500 myndir)
Teiknimyndir kr. 100,-

Mikið úrval af myndum
og góð þjónusta!

Vandaðu
til verks...
... verslaðu í
Vídeóhöllinni

Vídeó
Höllin
- við Norðurveg
456 4853

dagsins í þýsku knattspyrnunni.
Endursýnt kl. 23.40 í kvöld.
13.00 Ól er innri maður
Heimildarmynd um gerð dönsku
þáttaraðarinnar Bruggarans sem hefst
á mánudagskvöld og segir frá J.C.
Jacobsen, stofnanda Carlsberg-
brugghússins, og fjölskyldu hans.
13.55 Á drekaveiðum
14.50 Hátiðartónleikar með James
Levine
Í fyrra voru liðin 25 ár síðan hljóm-
sveitarstjórinn James Levine þreytti
frumraun sína í Metropolitan-óper-
unni í New York. Af því tilefni voru
haldnir þessir hátiðartónleikar þar
sem fram komu m.a. Plácido
Domingo, Jessye Norman, Angela
Gheorghiu, Kiri Te Kanawa, Birgit
Nilsen, Catherine Malfitano, Ileana
Cotrubas og Samuel Ramey.
17.50 Táknálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Hvað er í matinn?
18.40 Rauðka
19.00 Í hlíðu og stríðu (12:13)
Kanadískur myndaflokkur um raunir
fjölskyldu í kreppunni miklu.
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Sunnudagsleikhúsið
Aðeins einn: Flökkuslímhúð
Aðeins einn er þriggja þátta röð sem
fjallar um þrjár vinkonur sem reka
gríska kaffihúsið Klítemnestru í
Reykjavík. Konurnar þrjár eiga auk
þess samei
20.55 Friðlýst svæði og náttúru-
minjar
Ásbyrgi og Jökulsárgljúfur
21.10 Landsleikur í handbolta
Sýndur verður seinni hálfleikur leiks
Íslendinga og Litháa í
undankeppni Evrópumóts landsliða
í Laugardalshöll.
22.00 Landamærin
Ítölsk bíómynd frá 1995. Ítalskur
hermaður fer til hressingardvalar á
eyju undan strönd Dalmatíu í seinna
stríði.
23.40 Markaregn
00.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Miðvikudagur 29. okt. kl. 17:25
Rússland - Ítalía
Fimmtudagur 30. okt. kl. 18:55
Roda - Ajax
Föstudagur 31. okt. kl. 17:50
Silkeborg - AGF
Laugardagur 1. nóv. kl. 17:00
Derby - Arsenal
Laugardagur 1. nóv. kl. 19:25
Real Madrid - Barcelona
Sunnudagur 2. nóv. kl. 13:50
Brönby - AB
Sunnudagur 2. nóv. kl. 16:55
Feyenoord - Waalwijk
Mánudagur 3. nóv. kl. 17:55
Hvidovre - Frem
Þriðjudagur 4. nóv. kl. 19:00
Twente - AGF

TV 3 - DANMÖRK

Miðvikudagur 5. nóv. kl. 19:30
Newcastle - PSV Eindhoven



TV2 - NOREGUR

Laugardagur 1. nóv. kl. 14:45
Man. Utd. - Sheffield Wed.
Sunnudagur 2. nóv. kl. 13:15
Noregur - Þýskaland
Evrópukeppni landsliða
í handbolta

TV 3 - NOREGUR

Miðvikudagur 5. nóv. kl. 19:00
FC Porto - Rosenborg
Miðvikudagur 5. nóv. kl. 21:45
Feyenoord - Manchester United

TV 3 - SVÍÐJÓÐ

Sunnudagur 2. nóv. kl. 13:00
Ítalski boltinn
Miðvikudagur 5. nóv. kl. 19:00
IFK Göteborg - Besiktas

CANAL+ DANMÖRK

Föstudagur 31. okt. kl. 18:55
Þýski boltinn
Laugardagur 1. nóv. kl. 14:25
Þýski boltinn



VAGNINN

Athugið að allir þeir leikir
sem eru tilgreindir hér til
hlíðar er hægt að sjá
í beinni hjá okkur.

Bjóðum uppá skyndi-
bitarétti á meðan á
útsendingu stendur.

Minum á
fyrirtækjakeppnina í
KARAOKE
föstudagskvöldið
31. október

ALLIR Í VAGNINN!



VAGNINN FLATEYRI

<http://www.snerpa.is/vagninn>

Eva María
&
Gulli

"Live"
hljóðritun

Þú nýtur þess
með þeim
- í einrúmi...

905-2122





Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk



Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með hið nýja Silfurtorg á Ísafirði.



Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er torgið ekki síðra ásýndar eftir að skyggja tekur.

Glæsilegt Silfurtorg

Umferð var hleypt á hið nýja Silfurtorg á Ísafirði um síðustu helgi. Formleg vísluathöfn hefur ekki farið fram en vonir standa til að af henni geti orðið í byrjun næsta mánaðar og þá í samráði við kaupmenn í miðbænum. Verktakinn, Garðamúr ehf., á að skila verkinu um næstu helgi og lýkur þar með öðrum áfanga þessa stóra verks. Óvíst er hvort ráðist verður í þriðja áfanga á næsta ári.

Heildarafli Páls Pálssonar ÍS-102 kominn í tæp 100 þúsund tonn

Aflaverðmætið nemur tæpum sex milljörðum króna

Páll Pálsson ÍS-102 frá Hnífsdal, hefur komið með 97.600 tonn að landi á þeim 23 árum og 7 mánuðum sem liðnir eru frá því skipið kom fyrst til landsins. Aflaverðmæti skipsins á þessum tíma, reiknað til núvörðis, eru tæplega sex milljarðar króna. Skipið var frá veiðum um eins árs skeið, frá 15. október 1987 til 15. október 1988 er það var lengt í Póllandi, auk þess sem gerðar voru á því ýmsar breytingar.

Útgerðarfélag skipsins fram til þessa árs var Miðfell hf., í Hnífsdal, en eftir sameiningu þess fyrirtækis og Frosta hf., í Súðavík við Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal, hefur síðast-

nefnda fyrirtækið séð um útgerð Páls Pálssonar. Er skipið kom til landsins, gegndi Guðjón A. Kristjánsson, formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands skipstjórn á því, en auk hans hafa verið við stjórnvöldinn þeir Bernharð Överby, Kristján Jóakimsson og Páll Halldórsson, sem er skipstjóri í dag. Afleysingaskipstjóri hans í dag er Heimir Tryggvason.

Við sameiningu Miðfells, Frosta og Hraðfrystihússins, var ráðgert að hlutabréf í hinu sameinaða fyrirtæki yrðu boðin til sölu á Opna tilboðsmarkaðinum með haustinu. Að sögn Konráðs Jakobssonar, framkvæmdastjóra Hrað-



Páll Pálsson ÍS-102.

frystihússins hf., er stefnan enn sett á framangreindan markað en óvíst er hvort af því verður fyrir áramót. „Til

að byrja með verður stefnan sett á Opna tilboðsmarkaðinn, því mér skilst að hluthafar verði að vera a.m.k. 200 til að

hægt sé að fara inn á Verðbréfaþing Íslands, en hluthafar í dag erum um 150,” sagði Konráð í samtali við blaðið.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000

Gjugg í borg

Verð frá
kr. 12.400,-

Önnur áhugamál!
til hvers?





Ódýrar
helgarferðir
til
Reykjavíkur
og Akureyrar



Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskritstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390



Tölvugæludýrin komin!

PÓLLINN HF.

Sími 456 3092 • Verslun 456 4594

Mikið úrval
Ódýrust hjá okkur,
aðeins kr. 1.299.-

Allir nýjustu
PC og PSX titlarnir
Lands of love II
If 22 raptor
Star Wars Dark Forces II
Waterworld
Hexen II
Total Annihilation
688 (i) Hunter Killer